

51. ÁRSPING HSI



52. ársþing HSI

Laugardalshöll

22. apríl 2009

1. Þingsetning

Formaður HSÍ Guðmundur Ágúst Ingvarsson, setti 52. Ársþing HSÍ. Hann bauð alla velkomna og sagði þingið sett. Að svo búnu var gengið til dagskrár.

2. Kosning kjörbréfanefndar

Í kjörbréfanefnd voru eftirtaldir tilnefndir:

- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Kristján Halldórsson
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum. Guðmundur lýsti því nefndina réttkjörna og bað hana um að hefja störf þegar í stað.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Gunnar K. Gunnarsson sem þingforseta. Engar aðrar tilnefningar né athugasemdir bárust, svo Gunnar var lýstur réttkjörinn. Þá voru tveir tilnefndir til varaþingforseta, Davíð B. Gíslason og Kjartan K. Steinback. Engar athugasemdir voru gerðar, og teljast þeir réttkjörnir. Þá bað formaðurinn settan þingforseta um að taka til starfa.

Gunnar K. Gunnarsson þakkaði fyrir traustið sem honum er sýnt með kjöri sínu og hét því að gæta hlutleysis og vandvirkni. Einnig hafði Gunnar kynnt sér að til þingsins hafi verið boðað á löglegan hátt og lýsti því þingið löglegt.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Þorbjörgu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust og töldust þær því réttkjörnar. Hófu þær þegar störf.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð hefur verið lögð fram með þinggögnum svo þeim lið var þegar lokið.

6. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands tók fyrstur til máls. Ræddi hann um metnaðarfullt landsliðsstarf HSÍ - m.a. fjölda yngri landsliða, og árangurinn í Peking. Nefndi hann HSÍ TV sem dæmi um gott þróunarstarf, en hafði áhyggjur af ástæðum þess að menn fari út á þá braut og að ÍSí hafi átt fund með útvarpsstjóra. Ræddi hann þær tillögur sem lágu fyrir þinginu, og að ekki mætti gleyma sjónarmiði um stöðugleika í mótahaldi. Ræddi hann um nýjan formann og stjórn, en það væri allt fólk sem hann þekki vel og væri afar hæft - og að hann hafi átt góð samskipti við verðandi formann og hlakkaði til að eiga gott samstarf við stjórn á nýju kjörtímabili. Þakkaði hann Guðmund Ingvarssyni fyrir samstarfið minntist á að hann hafi tekið við sem formaður í sérsambandi einhverjum vikum á undan honum, og verið með næstlengstan feril þegar hann hætti fyrir þremur árum. Að svo búnu kallaði hann Guðmund Ingvarsson til sín upp á svið og sæmði hann heiðurskrossi ÍSí. Að því búnu kallaði hann til sín Sigurjón Pétursson og veitti honum gullmerki ÍSí.

Næstur tók til máls Júlíus Hafstein heiðursformaður HSÍ.

Ræddi hann um árangur síðasta árs og óskaði HSÍ og handknattleikshreyfingunni allri til hamingju með silfrið á OL. Minntist hann aðeins á sögu HSÍ sem verið er að rita undir handleiðslu fyrrum formanna HSÍ og sagði það verk vera orðið mun meira í sniðum en lagt var upp með í upphafi. Ætlað var að það yrði um 400 síður en stefndi nú í um 800 síður. Sagði hann það skipta mestu máli að vandað væri til verka en ekki hvort ritið kæmi út árinu fyrr eða seinna. Bauð hann að lokum Guðmund Ingvarsson fráfarandi formann HSÍ hjartanlega velkominn í hinn óformlega klúbb fyrrverandi formanna.

Þá tók til máls Jón H Magnússon heiðursformaður HSÍ.

Óskaði hann hreyfingunni til hamingju með árangurinn á OL og hvatti menn til frekari dáða. Tók hann undir orð Júlíusar með að bjóða Guðmund Ingvarsson velkominn í félag fyrrverandi formanna og óskaði þeirri stjórn er kjörin yrði á þinginu velfarnaðar í störfum sínum.

Að lokum tók til máls Guðmundur Ingvarsson formaður HSÍ og sagði eftirfarandi

“Í afmælishófi HSÍ 16. júní 2007 átti að sæma eða gera Jón Hjaltalín Magnússon að Heiðursformanni sambandsins en þá var Jón í útlöndum svo átt að vera taka tvö 27. Október 2007 og enn var Jón í útlöndum.

Við sem þekkjum Jón vitum að hann stoppar ekki mikið og fátt sem stoppar hann þvílík er eljan og dugnaðurinn, þannig starfaði Jón fyrir HSÍ á sínum tíma. Þar sem það hefur tekist að stoppa hann í smá stund ætla ég að biðja höfðingjann að koma hér upp og veita Heiðurskrossi HSÍ viðtöku.”

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanefndar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 48. Kjörbréfanefnd heldur áfram að starfa.

8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjanefnd þingsins

• Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Ásta Óskarsdóttir
- Guðborg Halldórsdóttir
- Sigurjón Pétursson

• Í laganefnd voru tilnefnd:

- Vigfús Þorsteinsson
- Ragnheiður Traustadóttir
- Þorvarður Tjörvi

• Í allsherjanefnd voru tilnefnd

- Helga Magnúsdóttir
- Davíð Hjaltsted
- Þorgeir Hjaltason

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gagentillögur bárust.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur Á. Ingvarsson fékk aftur orðið og fylgdi skýrslu stjórnar úr hlaði með eftirfarandi samantekt.

Þingforseti ágætu þingfulltrúar.

Ég ætla að fara yfir skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar og nefnda eru í möppunum ykkar svo ég sé ekki ástæðu til að fara yfir hana orð fyrir orð en ég mun fara yfir nokkra punkta.

Stjórninn hefur hist og haldið fundi nokkuð oft á árinu að auki var tölvupóstur talsvert notaður til samskipta. Á milli ársþinga höfum haldið formannafundi eins var á þessu ári og voru haldnir tveir formannafundir á árinu.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir tveim árum og var meðal annars óskað eftir tölfræði yrði tekinn upp hjá öllum liðunum í úrvalsdeildum karla og kvenna, virðist þetta því miður vera ógjörningur fyrir sum félög, þrátt fyrir að HSÍ sjái um að skrá þær inn. Betur má ef duga skal. Ýmsar aðrar kröfur voru settar á félögin og gekk betur með að framkvæmd þær

N1 er samstarfsaðili úrvalsdeilda karla og kvenna og hafa miklir peningar verið settir til þess að auglýsa og kynna deildirnar. Keppnistímabilið 2008-2009 er fyrsta tímabilið sem leikinn verður úrslitakeppni síðan árið 2005.

Átta lið voru í hvorri deild og leikin þreföld umferð. 1-deildin er með átta liðum og hefur hún gengið vel .

Það er ánægjulegt að fjölgun áhorfenda er á milli ára í deildinni er nálægt 20% og telst það góð tíðindi.

Eimskip kom inn sem samstarfsaðili fyrir bikarkeppnina haustið 2007 og hefur meira verið lagt í umgjörð bikarúrslitanna og þá ekki bara í meistaraflokkum heldur hefur sunnudagurinn verið fyrir yngri keppendur sem hafa spilað og keppt í og við sömu umgjörð og meistaraflokkarnir og hefur það reynst vel og er góða reynsla og hvatning fyrir unga fólkið.

Landsliðin í handbolta þá tala ég um öll landslið Íslands yngri og eldri karla og kvenna hafa staðið sig mjög vel á árinu eins og löngum.

Við höfum verið með 15 ára landslið sem hafa æft nokkrum sinnum á árinu og lofa góðu.

17 ára landslið hafa líka staðið sig mjög vel:

Stúlkurnar tóku m.a. þátt í opna norðurlandamótinu og urðu í 2.sæti

Piltarnir hafa staðið sig vel og fara á Olympíuleika æskunnar í Finnlandi nú í júlí.

19 ára lið drengja tók þátt í forkeppni sem haldin var á Íslandi og fór á EM í Tékklandi. Þetta lið er nú á leiða á HM í Túnis í júlí á þessu ári.

19 ára landlið stúlkna fór á HM í Makedóníu og tapaði bara einum leik en lent því miður í neðri hluta mótsins á markatölu.

21árs lið pílta vann sér rétt til að leika á HM í Egyptalandi í ágúst á þessu ári

A-landslið kvenna lék play off leiki við Rúmeníu vegna EM í Makedóníu en beið lægri hlut. Það er mikið spennið í þetta lið og einungis tímaspursmál hvenær þær fara alla leið.

A-landslið karla vann sér þátttöku rétt á Ólympíuleikunum í Kína og úr varð för sem mun aldrei gleymast og liðið hafnaði í öðru sæti.

Við upplifðum það hvernig liðið náði að skapa eina þjóðarsál, hugsum til baka myndina af Arnarhól tugþúsundir samankomnir til að fagna silfurliðinu við heimkomuna er minninga sem mun aldrei gleymast.

Liðið spilar nú í riðli um þátttöku rétt á EM sem verður í Austurríki á janúar á næsta ári og er full ástæða til bjartsýni.

Nokkrir punktar:

A-landslið karla hefur verið saman í 120 daga á árinu 2008.

19 ára landslið pílta er að fara á HM í Egyptalandi.

21 árs lið pílta er að fara á HM í Túnis.

Tvö EHF mót voru haldin hér á landi á árinu þ.e.

19 ára pílta og 21árs kvenna.

Landsleikir landsliða HSÍ á árinu voru hvorki fleiri né færri en 91.

Á þessu sést að þetta er talsverð útgerð og metnaðarfull afreksstefna.

Til umhugsunar er að 19 ára landsliðið og 21 eins árs liðið, það er liðin sem eru að fara á lokakeppni HM fá samtals heilar 500 þúsund krónur út úr afrekssjóði ÍSÍ.

Þetta hefst ekki nema með dyggum stuðningi samstarfsaðila, það er ekkert samband innan ÍSÍ sem þarf að reiða sig eins mikið á eigin fjáröflun og HSÍ.

Við vælum það ekki neitt við ætlum lengra og það miklu lengra.

Á stjórnafundi sambandsins í vor var ákveðið að Silfurliðið og aðrir þeir sem voru með liðinu í Kína verði sæmd gullmerki HSÍ og skulu þau afhent 17. júní þegar liðið leikur við Makedóníu hér í Höllinni.

Ég vil að lokum þakka framkvæmdarstjóra sambandsins Einari Þorvarðsýni og starfsmönnum Róbert Gíslasýni, Þorbjörgu Gunnarsdóttur og Kristjáni Halldórssýni fyrir gott starf þá vil ég þakka Ingibjörgu Ragnarsdóttur fyrir hennar góða starf fyrir sambandið.

Þingforseti tók aftur til máls. Hann þakkaði Guðmundi fyrir skýrslu stjórnar. Þingforseti óskaði eftir því að umræða um skýrslu stjórnar og reikninga yrðu teknar saman í einu. Enginn hreyfði mótmælum við því.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

51. Ársþing HSÍ var haldið í Laugardalshöll í Laugardal 17.maí 2008. Fyrir þinginu lágu ný lög HSÍ sem voru samþykkt og við það sér stjórn HSÍ um breytingar á reglugerðum sambandsins en Ársþing um lagabreytingar. Í fyrsta skipti í mörg ár var framboð til formanns á þinginu og bauð Hlynur Sigmarsson sig fram gegn sitjandi formanni Guðmundi Ingvarssyni og lauk þeirri kosningu með sigri Guðmundar 38 atkvæðum gegn 29 atkvæðum sem Hlynur hlaut. Breyting varð á stjórn með nýjum lögum og var stjórnin stækkuð úr 7 stjórnarmönnum í 9. Mjög góð mæting var á þingið og stóð það í einn dag. Á þinginu voru fimm nýir kosnir í stjórn Þau Ásta Óskarsdóttir til eins árs og Jón Jörundsson, Guðjón L Sigurðsson Hörður Davíð Harðarson og Kristján Arason til tveggja ára. Hólmgeir Einarsson og Ásgerður Halldórsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu og var þeim þakkað gott samstarf.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 22 bókaða fundi og þar að auki var tölvupóstur notaður þess á milli í samskiptum stjórnar. Fyrir þetta þing voru haldnir 2 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérist fyrri fundurinn sem fram fór í haust um kynningar á N1 deildinni og seinni fundurinn um stjórnarkjör, mótakerfið í efstu deild karla, sjónvarpsmál og komandi Ársþing HSÍ. Ekki eru allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla og finnst sumum að í Úrvalsdeildinni séu of fá lið. Samþykkt var að leika úrslitakeppni að nýju í efstu deild karla og kvenna og í hana kæmust 4 efstu lið deildanna. Jafnframt er úrslitakeppni fyrir liðið í 7. sæti úrvalsdeildar sem fer í umspil lið 2,3 og 4 í 1. deild.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla þá hefur hún verið góð hjá Morgunblaðinu og var RÚV að standa sig vel er varðar beinar útsendingar á haustdögum og fram að áramótum eftir það fór verulega að halla undan fæti og bar RÚV við miklum niðurskurði sem þyrfti að grípa til fyrstu mánuðina á árinu 2009 en síðan myndi fyrirtækið gera bikarúrslitum, síðustu tveim umferðum Íslandsmótsins undanúrslitum og úrslitum góð skil en þetta hefur ekki staðist þar sem að þingkosningar voru settar á 25. apríl 2009 ofan í undanúrslitakeppnina. Þá fékk HSÍ leyfi hjá RUV að bjóða Stöð 2 sport undanúrslitaleikina en þeir treystu sér ekki í það verkefni. Þá tók HSÍ það til bragðs að setja á netið leikina í undanúrslitum og eru þeir beint og fékk þessi ákvörðun mjög jákvæð viðbrögð og sá um rúmlega 2700 manns fyrstu umferðina þrátt fyrir litla kynningu. Í annarri umferð sá tæplega 10.000 manns leikina.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir tveimur árum og var meðal annars óskað var eftir að tölfræði yrði tekinn hjá öllum liðum í Úrvalsdeildum karla og kvenna og virðist þetta vera ógjörningur fyrir sum félög að klára þetta þrátt fyrir að HSÍ sjái um að skrá þær inn. Ýmsar aðrar kröfur voru settar á félögin og gekk betur að fá þær framkvæmdar.

Rekstur sambandsins var mjög flókinn á rekstrarárinu þar sem að verkefni margra landsliða komu inn með mjög stuttum fyrirvara eins og þegar að karlalandsliðið komst inn á Ólympíuleikana í Peking þá aðeins tveimur mánuðum áður en þeir færu fram. Á árinu jókst velta sambandsins um 80 milljónir á starfsárinu en þar var stutt á milli feigs og ófeigs eins og svo oft áður þar sem að frábær árangur karlalandsliðsins gerði það að verkum að okkur tókst að auka veltuna um þessar 80 milljónir með 50 milljón króna framlagi Ríkisins. Stöðugt aðhald þarf að hafa við reksturinn og hefur kostnaður vegna flugfargjalda aukist um 60% á árinu. Kostnaður við rekstur sambandsins er alltaf að aukast og árið 2008 var dýrt ár vegna allra þeirra verkefna sem landsliðin unnu sér rétt til að taka þátt í og hefðu getað haft alvarlegar afleiðingar ef árangur

karlalandsliðsins hefði ekki verið svona góður. Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og er ekkert sérsamband eins háð atvinnulífinu og HSÍ og í því ástandi sem þjóðfélagið er um þessar mundir þarf niðurskurð í rekstri sambandsins.

Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandsliðsins á árinu 2008 og er var HSÍ að fá svipaðar upphæðir 2008 og á s.l árum en eftir hinn frábæra árangur landliðsins í Peking var styrkurinn skorinn niður úr 6.5 milljónir. í 4 milljónir fyrir árið 2009. Þrátt fyrir mörg verkefni á árinu 2008 var íþróttalegur árangur frábær hjá karlalandsliðinu þrátt fyrir að liðið kæmist ekki inn á HM í Króatíu en liðið lenti í 11 sæti á EM 2008 í Noregi og lék til úrslita á Ólympíuleikunum í Peking og fékk silfurverðlaun þar. Liði er á góðri leið með að tryggja sig inn á EM í Austurríki 2010.

ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og hefur mikið fjármagn verið sett til þess að auglýsa deildirnar og koma mótinu á framfæri. Keppnistímabilið 2008 – 2009 er fyrsta tímabilið sem leikinn verður úrslitakeppni síðan keppnistímabilið 2004 – 2005. Átta lið eru í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð. Haukar urðu deildarmeistarar hjá báðum kynjum. 1. deildin er með átta liðum og hefur hún gengið nokkuð vel þó að nokkur getumunur sé á milli liða þar. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið Gróttu.

EIMSKIPS BIKARINN.

Eimskip kom inn í sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina haustið 2007 og hefur meira verið lagt í umgjörð Bikarúrslitanna. Bein útsending var frá keppninni og sem stóð í 5 klukkustundir og fékk úrslitaleikur karla 30% áhorf.

Bikarmeistarar kvenna varð Stjarnan eftir úrslitaleik við FH og í karlaflokki léku til úrslita Valur og Gróttu sem lék í fyrstu deild og sigruðu Valsmenn í þeim leik.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni hefur verið tekinn upp í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið nokkuð vel en ljóst að slípa þarf nokkra vankanta af því. Í 5.-8. flokki eru félagamótin haldin og hefur sú framkvæmd gengið vel.

Nú hefur Alþingi samþykkt ferðajöfnunarsjóð og er komið fjármagn upp á 60 milljónir annað árið og á síðan fjárhæðin að fara hækkandi mun þetta fjármagn auðvelda utanbæjarliðum við reksturinn en betur má ef duga skal hvað varðar ferðakostnað.

Mikil gróska er í starfi yngstu flokkana hjá flestum félögum.

LANDSLIÐIN.

Í lok maí lék karlalandsliðið Olympic qualification við Argentínu, Pólland og Svíþjóð og náði Ísland öðru sæti í riðlinum og þar með farseðlinum á Ólympíuleikana. Liðið þurfti síðan að leika tvo leiki um réttinn til þátttöku á HM í Króatíu. Voru þetta tvær mjög erfiðar vikur þar sem að þessum keppnum er blandað saman. Fyrri leikurinn fór fram í Makedóníu og töpuðum við honum með 8 mörkum. Þá var eftir viðureignin á Íslandi og var leikurinn settur á 15. júní kl. 19:30. og varð nærri því uppselt. Ísland vann leikinn með 7 marka mun og komst ekki áfram á HM í Króatíu. Síðan hófst undirbúningur fyrir ÓL. og gekk undirbúningurinn vel. Á ÓL gekk liðinu frábærlega og hafnaði í 2. sæti sem er besti árangur Íslenskra íþróttamanna. Margir leikir mótsins fengu nálægt 80% áhorf á RUV. Móttaka sú og viðurkenningar sem leikmenn og aðstandendur liðsins fengu voru stórkostlegar Framundan er viðureign við Belgíu 10. júní í Belgíu, Noreg 14.

júní á Íslandi, Makedóníu 17. júní á Íslandi og Eistland 21. júní í Eistlandi. Ef Ísland verður í einu af tveim efstu sætum riðilsins kemst liðið á EM í Austurríki. Guðmundur Þ Guðmundsson er þjálfari landsliðsins og honum til aðstoðar er Óskar Bjarni Óskarsson og Gunnar Magnússon.

Verkefni kvennalandsliðsins eru fjölmörg og lék liði play off leiki fyrir EM í Makedóníu á móti Rúmenum en beið lægri hlut. Æfði liðið mikið saman í maí og júní s.l til undirbúnings fyrir pre qualification keppnina sem fram fór í Póllandi nú í s.l. haust. og lenti liðið í 3. sæti í sínum riðli en komst ekki í play off leiki nú í júní fyrir HM í Kína. Næsta haust hefst forkeppni EM sem er leikin í riðlum og er Ísland með Finnum, Austurríki og Frakklandi.

21.ára landslið pílta vann sér rétt til að leika í úrslitum á HM í Egyptalandi sem fram fer í Ágúst 2009 og er Heimir Ríkharðsson þjálfari liðsins.

19. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni EM nú í vor en fékk óvænt sæti inn á HM í Makedóníu þar sem að lið Uruguay dró sig út úr HM keppninni sem fram fór í Ágúst 2008. Liðið tapaði aðeins einum leik á HM í Makedóníu og en lenti því miður í neðri hluta mótsins á markatölu og endaði í 13 sæti. Stefán Arnarsson er þjálfari liðsins.

19 ára landslið drengja tók þátt forkeppni EM sem haldið var á Íslandi og komst auðveldlega inn á EM í Tékklandi og þar hafnaði liðið í 4. sæti. Þessu liði var boðið á mót sem fór fram í Frakklandi í október 2008 og staðfestir það hversu gott það er. Liðið þarf ekki að taka þátt í forkeppni HM og er komið beint inn á Heimsmeistaramótið í Túnis sem fram fer í Júlí 2008. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins.

17 ára landslið stúlkna tók þátt Opna EM og lenti liðið í 9. sæti. Liðið tók einnig þátt í Opna Norðurlandamótinu lenti þar í 2 sæti. Guðríður Guðjónsdóttir er þjálfari liðsins.

17. ára landslið drengja hefur verið kallað til æfinga og hefur komið saman 5 sinnum á árinu. Liðið fer á Ólympíuleika æskunnar Finnlandi í júlí. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins.

15. ára landslið kvenna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og verkefnastjóri Hilmar Guðlaugsson.

15. ára landslið drengja hefur æft 5 sinnum saman á tímabilinu og verkefnastjóri þar er Arnar Þorkelsson

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, en það eru N1, Visa, Vífilfell, Icelandair, Kaupþing, RÚV, Sportland, Hekla, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Eimskip, Pósturinn, Laugar, Fönn, Lyfja, VR, prentsmiðjan Oddi, Samskip, Lengjan, Orkuveitan og Margt smátt. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni, Þorbjörgu Gunnarsdóttur og Kristjáni Halldórssyni. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur séð um öll búningamál fyrir öll landsliðin og verið liðstjóri karlalandsliðsins. Stöðugildi eru því þrjú um áramót 2008/2009.

Formaður HSÍ
Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sitja
Kristján Arason, formaður
Skúli Gunnsteinsson
Þorgeir Haraldsson
Jakob Sigurðsson
Ingibjörg Ragnarsdóttir

Í lok maí lék karlalandsliðið Olympic qualification við Argentínu, Pólland og Svíþjóð og náði Ísland öðru sæti í riðlinum og þar með farseðlinum á Ólympíuleikana. Liðið þurfti síðan að leika tvo leiki um réttinn til þátttöku á HM í Króatíu. Voru þetta tvær mjög erfiðar vikur þar sem að þessum keppnum er blandað saman. Fyrri leikurinn fór fram í Makedóníu og töpuðum við honum með 8 mörkum. Þá var eftir viðureignin á Íslandi og var leikurinn settur á 15. júní kl. 19:30. og varð nærri því uppselt. Ísland vann leikinn með 7 marka mun og komst ekki áfram á HM í Króatíu. Síðan hófst undirbúningur fyrir ÓL. og gekk undirbúningurinn vel. Á ÓL gekk liðinu frábærilega og hafnaði í 2. sæti sem er besti árangur Íslenskra íþróttamanna. Margir leikir mótsins fengu nálægt 80% áhorf á RUV. Móttaka sú og viðurkenningar sem leikmenn og aðstandendur liðsins fengu voru stórkostlegar Framundan er viðureign við Belgíu 10. júní í Belgíu, Noreg 14. júní á Íslandi, Makedóníu 17. júní á Íslandi og Eistland 21. júní í Eistlandi. Ef Ísland verður í einu af tveim efstu sætum riðilsins kemst liðið á EM í Austurríki. Guðmundur Þ Guðmundsson er þjálfari landsliðsins og honum til aðstoðar er Óskar Bjarni Óskarsson og Gunnar Magnússon.

A-landslið Karla

Dags	Staðstening	Leikur	Úrslit	Keppni
4.jan.08	Roskilde	Ísland - Pólland	31-35	4-landa mót í DK
5.jan.08	Valby	Ísland - Noregur	28-28	4-landa mót í DK
6.jan.08	Bronby	Ísland - Danmörk	36-37	4-landa mót í DK
13.jan.08	Laugardalshöll	Ísland - Tékkland	32-30	Vináttulandsleikir
14.jan.08	Laugardalshöll	Ísland - Tékkland	33-28	Vináttulandsleikir
17.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Svíþjóð	19-24	EM í Noregi
19.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Slóvakía	28-22	EM í Noregi

20.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Frakkland	21-30	EM í Noregi
22.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Þýskaland	27-35	EM í Noregi
23.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Ungverjaland	36-28	EM í Noregi
24.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Spánn	26-33	EM í Noregi
24.maí.08	Cordoba	Ísland - Spánn	31-34	Vináttulandsleikir
25.maí.08	Cordoba	Ísland - Spánn	35-37	Vináttulandsleikir
30.maí.08	Wroklaw	Ísland - Argentína	36-27	Undankeppni ÓL
31.maí.08	Wroklaw	Ísland - Pólland	28-34	Undankeppni ÓL
1.jún.08	Wroklaw	Ísland - Svíþjóð	29-25	Undankeppni ÓL
8.jún.08	Skopje	Ísland - Makedónía	26-34	Undankeppni HM
15.jún.08	Laugardalshöll	Ísland - Makedónía	30-24	Undankeppni HM
18.júl.08	Vodafonehöllin	Ísland - Spánn	34-35	Vináttulandsleikir
19.júl.08	Vodafonehöllin	Ísland - Spánn	35-26	Vináttulandsleikir
25.júl.08	Strasbourg	Ísland - Spánn	32-38	Vináttulandsleikir
26.júl.08	Strasbourg	Ísland - Frakkland	28-31	Vináttulandsleikir
27.júl.08	Strasbourg	Ísland - Egyptaland	30-33	Vináttulandsleikir
10.ágú.08	Peking	Ísland - Rússland	33-31	Ólympíuleikarnir
12.ágú.08	Peking	Ísland - Þýskaland	33-29	Ólympíuleikarnir
14.ágú.08	Peking	Ísland - S-Kórea	21-22	Ólympíuleikarnir
16.ágú.08	Peking	Ísland - Danmörk	32-32	Ólympíuleikarnir
18.ágú.08	Peking	Ísland - Egyptaland	32-32	Ólympíuleikarnir
20.ágú.08	Peking	Ísland - Pólland	32-30	Ólympíuleikarnir
22.ágú.08	Peking	Ísland - Spánn	36-30	Ólympíuleikarnir

24.ágú.08	Peking	Ísland - Frakkland	23-28	Ólympíuleikarnir
29.okt.08	Laugardalshöll	Ísland - Belgía	40-21	Undankeppni EM
1.nóv.08	Drammen	Ísland - Noregur	31-31	Undankeppni EM

Samtals 35
leikir

2012 landslið Karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
11.jan.08	Þrándheimur	Ísland – Ungverjal.	27-28	4 landa mót í NOR
12.jan.08	Þrándheimur	Ísland - Portúgal	32-27	4landa mót í NOR
13.jan.08	Lillehammer	Ísland - Noregur	19-36	4landa mót í NOR

Samtals 3
leikir

21.ára landslið pílta vann sér rétt til að leika í úrslitum á HM í Egyptalandi sem fram fer í Ágúst 2009 og er Heimir Ríkharrðsson þjálfari liðsins.

21 ára landslið drengja

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
20.mar.08	Schutterwald	Ísland - Noregur	34-33	Undankeppni EM
21.mar.08	Schutterwald	Ísland - Belgía	36-24	Undankeppni EM
23.mar.08	Schutterwald	Ísland - Þýskaland	26-34	Undankeppni EM

Samtals 3
leikir

19 ára landslið drengja tók þátt forkeppni EM sem haldið var á Íslandi og komst auðveldlega inn á EM í Tékklandi og þar hafnaði liðið í 4. sæti. Þessu liði var boðið á mót sem fór fram í Frakklandi í október 2008 og staðfestir það hversu gott það er. Liðið þarf ekki að taka þátt í forkeppni HM og er komið beint inn á Heimsmeistaramótið í Túnis sem fram fer í Júlí 2008. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins.

19 ára landslið pilta

Dags.	Staðsetning	Úrslit	Keppni	
9.maí.08	Austurberg	Ísland - Lettland	43-31	Undankeppni EM
10.maí.08	Austurberg	Ísland - Finnland	38-24	Undankeppni EM
11.maí.08	Austurberg	Ísland - Tyrkland	42-27	Undankeppni EM
8.ágú.08	Brno	Ísland - Finnland	34-24	EM í Tékklandi
9.ágú.08	Brno	Ísland - Tékkland	39-38	EM í Tékklandi
10.ágú.08	Brno	Ísland - Danmörk	33-30	EM í Tékklandi
12.ágú.08	Brno	Ísland - Noregur	33-34	EM í Tékklandi
13.ágú.08	Brno	Ísland - Frakkland	35-25	EM í Tékklandi
15.ágú.08	Brno	Ísland - Þýskaland	28-32	EM í Tékklandi
17.ágú.08	Brno	Ísland - Svíþjóð	35-42	EM í Tékklandi
29.okt.08	París	Ísland - Frakkland	23-35	4-landa mót í FRA
30.okt.08	París	Ísland - Spánn	27-37	4-landa mót í FRA
2.nóv.08	París	Ísland - Pólland	38-32	4-landa mót í FRA

Samtals 13
leikir

17. ára landslið drengja hefur verið kallað til æfinga og hefur komið saman 5 sinnum á árinu. Liðið fer á Ólympíuleika æskunnar Finnlandi í júlí. Einar Guðmundsson og Einar Andri Einarsson eru þjálfarar liðsins.

15. ára landslið drengja hefur æft 5 sinnum saman á tímabilinu og verkefnastjóri þar er Arnar Þorkelsson

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Í nefndinni sitja

Jón Sævar Jörundsson formaður

Árni Þór Árnason ritari

Guðbjörg Jónsdóttir

Helga Magnúsdóttir

Þorbjörg Gunnarsdóttir

Þjálfarar landsliðanna voru sem hér segir.

A lið Júlíus Jónasson

U-20 Stefán Arnarson og Guðríður Guðjónsdóttir

U-18 Ómar Jónsson og Ægir Sigurðsson

Áfram var haldið með öflugt uppbyggingastarf í kvennamálum og aflaði nefndin m.a. styrkja frá Lyfju, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Íslandspósti til að styrkja betur kvennastarfið. Nokkur óvissa hefur verið um hvernig nefndarinnar nýtist best fyrir hreifinguna og hvernig er árangursríkast að standa að málum í framtíðinni. Því meira starf og alúð sem sett er í verkefnið því meiri árangur verður.

A-landslið Kvenna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
26.mar.08	Portúgal	Ísland - Brasilía	27-30	Æfingarmót
27.mar.08	Portúgal	Ísland - Kína	20-21	Æfingarmót
29.mar.08	Portúgal	Ísland - Portúgal	28-33	Æfingarmót
30.mar.08	Portúgal	Ísland - Tyrkland	22-29	Æfingarmót
1.jún.08	Laugardalshöll	Ísland - Rúmenía	23-37	Undankeppni EM
7.jún.08	Braila	Ísland - Rúmenía	23-33	Undankeppni EM

21.nóv.08	Oslo	Ísland - Noregur	15-36	Æfingarmót
22.nóv.08	Gjovik	Ísland - Rússland	20-33	Æfingarmót
23.nóv.08	Lillestrom	Ísland - Danmörk	22-23	Æfingarmót
26.nóv.08	Dabrowa Gornicz	Ísland - Lettland	37-27	Forriðill fyrir HM
27.nóv.08	Dabrowa Gornicz	Ísland - Sviss	41-30	Forriðill fyrir HM
29.nóv.08	Dabrowa Gornicz	Ísland - Slóvakía	23-27	Forriðill fyrir HM
30.nóv.08	Dabrowa Gornicz	Ísland - Pólland	32-33	Forriðill fyrir HM

Samtals 13
leikir

19 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning		Úrslit	Keppni
19.mar.08	Digranes	Ísland – Ungve.land	27-35	Undankeppni HM
20.mar.08	Digranes	Ísland - Írland	67-3	Undankeppni HM
21.mar.08	Digranes	Ísland - Serbía	29-27	Undankeppni HM
23.mar.08	Digranes	Ísland - Búlgaría	40-21	Undankeppni HM
21.júl.08	Skopje	Ísland – Ungv.land	23-23	HM í Makedóníu
22.júl.08	Skopje	Ísland - Slóvenía	26-26	HM í Makedóníu
24.júl.08	Skopje	Ísland - Þýskaland	24-23	HM í Makedóníu
25.júl.08	Skopje	Ísland - Rúmenía	28-32	HM í Makedóníu

28.júl.08	Gevgelija	Ísland - Kazakstan	39-31	HM í Makedóníu
29.júl.08	Gevgelija	Ísland - Alsír	36-29	HM í Makedóníu
31.júl.08	Gevgelija	Ísland - Makedónía	39-27	HM í Makedóníu
2.ágú.08	Skopje	Ísland - Japan	27-26	HM í Makedóníu

Samtals 12
leikir

17 ára landslið telpna

Dags.	Staðsetning		Úrslit	Keppni
10.maí.08	Fjerritslevhall	Ísland - Danmörk	32-28	Scandinavian Open
11.maí.08	Fjerritslevhall	Ísland - Noregur	25-25	Scandinavian Open
12.maí.08	Fjerritslevhall	Ísland - Svíþjóð	26-35	Scandinavian Open
1.júl.08	Liseberg	Ísland - Pólland	19-16	Opna Evrópumótið
1.júl.08	VAIhalla	Ísland - Montenegro	16-11	Opna Evrópumótið
2.júl.08	Valhalla	Ísland – Ungv.aland	15-20	Opna Evrópumótið
3.júl.08	Liseberg	Ísland - Tékkland	13-17	Opna Evrópumótið
4.júl.08	Liseberg	Ísland - Búlgaría	28-24	Opna Evrópumótið
4.júl.08	Valhalla	Ísland - Sviss	33-11	Opna Evrópumótið
5.júl.08	Liseberg	Ísland - Króatía	37-27	Opna Evrópumótið

Samtals 10
leikir

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd HSÍ hefur á þessu starfsári verið skipuð Andrési Gunnlaugssyni, Halldóri Inga Andréssyni, Hannesi M. Sigurðssyni, Hólmgæiri Einarssyni og Má Svavarssyni sem formanni. Róbert Gíslason hefur verið starfsmaður nefndarinnar og allt daglegt starf hennar og stór hluti mótaskipulags hefur hvílt á herðum hans. Mótanefnd færir Róberti sérstakar þakkir fyrir vel unnin

störf og gott samstarf. Þá hefur nefndin sem fyrr átt góð og ánægjuleg samskipti við skrifstofu HSÍ, einkum Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra, sem einnig er ástæða til að þakka fyrir.

Megin störf mótanefndar voru líkt og undanfarin ár skipulag móta og umsjón með framkvæmd þeirra. Nokkrir fundir hafa verið haldnir þar sem nefndarmenn hafa hist til að fara yfir stefnumarkandi mál, annars hafa þau fáu mál sem lent hafa á borði mótanefndar verið afgreidd á símafundnum eða í gegnum tölvupóst.

Á ársþingi 2007 var gerð sérstök samþykkt varðandi umgjörð leikja efstu deildarinnar, sem átti að vera hvetjandi á félögin og jafnframt með það í huga að laða að fleiri áhorfendur. Framkvæmd þessara mála byrjaði mjög vel, en síðan slaknaði á metnaði félaganna til þessara mála. Á leiktíðinni sem nú er að ljúka hafa þeir þættir sem snúa að umgjörð leiksins og áhorfendum skánað mjög frá fyrra ári, en samt eru enn nokkur félög sem mættu taka önnur sér til fyrirmyndar í þessum málum.

Mótanefnd hefur eins og áður kynnt félögunum fyrirkomulag mótsins, leikdaga og leiktíma með góðum fyrirvara áður en mót hefst. Félögin hafa síðan fengið nokkurn frest til að gera athugasemdir eða óska eftir breytingum. Nefndin hefur reynt að taka eins mikið tillit til þeirra óska um breytingar og kostur er, en hafa verður í huga að á köflum er leikið mjög þétt og svigrúm til breytinga er ekki mikið. Eftir að frestur til athugasemda er liðinn og búið er að gefa út leikjaskipulagið hefur nefndin ekki ljáð máls á breytingum öðrum en þeim sem óhjákvæmilegar hafa verið vegna landsleikja og þátttöku liða í Evrópukeppnum.

Það er mat nefndarinnar að almennt sé sátt um þessa tilhögun mála og flest félögin hafa fullan skilning á nauðsyn þessa fyrirkomulags og að haldið sé þétt um taumana. Eftir að fyrirkomulag Íslandsmótsins hefur verið gefið út, verða félögin einfaldlega að miða starfsemi sína við það. Það hafa þau í flestum tilvikum líka gert og óskir um breytingar á leikdögum eru nær óþekktar. Nefndin hefur hins vegar markað þá stefnu að heimila breytingar á leiktíma sé þess talin þörf.

Þrátt fyrir einlægan vilja mótanefndar til þess að halda fast við útgefna leikdaga, hefur sú ógnvægilega þróun í efnahag þjóðarinnar verið þess valdandi að mótanefnd hefur séð sig knúna til að taka tillit til óska félaga um breytingu á leikdögum ef þeir hafa rekist á veigamiklar fjáraflanir félagsins. Þessar breytingar hafa samt verið mjög fáar.

Mótanefnd ber einnig að hafa umsjón með framkvæmd leikja og umgjörð þeirra. Vikið hefur verið að umgjörð leikja hjá efstu deildum karla og kvenna hér að ofan. Umgjörð leikja hjá yngri flokkunum fer enn batnandi, en enn má gera betur. Enn einu sinni viljum við leggja að félögum að leggja metnað í að fjölga dómurum og sjá um að þeir hljóti tilhlýðilega menntun. Með menntuðum dómurum má ætla að virðing og ánægja keppenda, þjálfara og áhorfenda vaxi. Almennt hefur framkvæmd móta í yngri flokkunum tekist ágætlega þegar á heildina litið og hafa kvartanir nánast verið óþekktar þetta tímabil.

Mótanefnd vill að lokum þakka forráðmönnum félaga og öllum þeim öðrum, sem hún hefur átt samskipti við, ágætt samstarf.

f.h. mótanefndar HSÍ.

Már Svavarsson
formaður

Skýrsla dómara nefndar

Haustfundur var haldinn í september þar sem mættu um þrjátíu dómara. Þeir gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri. Öll dómaraþör í N1 deild karla og kvenna stóðust prófin. Á fundinum var farið yfir áherslur vetrarins og mat yfir hæfni dómara frá síðasta tímabili. Annar fundur var síðan haldinn 20. október til að skerpa á áherslum.

Mjög góð mæting var á haustfund dómara nefndar og þjálfara meistaraflokka þar sem farið var yfir undirbúning dómara fyrir keppnistímabilið, störf skrifstofu HSÍ gagnvart boðunum og utanumhaldi, sýn dómara nefndar á eftirlitsmannakerfið og áherslur vetrarins. Kristján Halldórsson bauð þjálfurum að vera tengiliður þeirra við dómara nefnd og nýttu þeir sér það í talsverðum mæli á keppnistímabilinu.

Nokkur námskeið voru haldin fyrir dómaraefni í vetur. Brynjar Einarsson tók að sér að sjá um þau í samráði við félögin. Arna Garðarsdóttir, Fjölni, tók að sér að þýða og búa til kennsluefni fyrir byrjendastigið sem var síðan notað á námskeiðunum.

Anton G. Pálsson og Hlynur Leifsson voru kosnir besta dómaraþar allra umferða hjá valnefnd N1 deildarinnar.

Fundur norrænna dómara nefndarformanna var haldinn á Íslandi um bikarúrslitahelgina þar sem mættu fulltrúar frá öllum norðurlöndunum. Þar voru rædd meðal annars mál er snúa að skiptum á dómurum í deildarkeppnum á milli landanna, fræðslumál dómara og eftirlitsmanna, agamál, reglutúlkun og fleira. Næsti fundur verður í Svíþjóð að ári og gert er ráð fyrir að Balkanlöndin taki einnig þátt í þeim fundi.

Ólafur Örn Haraldsson sótti eftirlitsmannanámskeið EHF í Ungverjalandi í september 2008 ásamt 29 öðrum og var einn af 18 sem útskrifaðist úr þeim hópi.

Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson sóttu IHF námskeið á Spáni ásamt 17 öðrum þörum og voru þeir eitt af þrem þörum sem útskrifuðust að því loknu og fengu IHF réttindi.

Dómara nefnd hélt sex fundi og voru nefndarmenn duglegir að mæta á leiki til að fylgjast með.

Fyrirhugað var í upphafi vetrar að hafa eftirlit með öllum leikjum í efstu deild karla og kvenna en í kjölfar bankahruns var því slegið á frest.

Næsta vetur mun dómara nefnd starfa undir nýjum reglum sem voru samþykktar á stjórnarfund 8. apríl. Þessar reglur gera ráð fyrir talsverðu vinnuframlagi í formi námskeiða og við gerð fræðsluefnis sem þarf að skoða í samvinnu við skrifstofu HSÍ.

Helsta verkefni næstu dómara nefndar verður að fjölga dómurum í samvinnu við félögin því það er útilokað öðruvísi en félögin komi þar til hjálpar og vinni markvisst í því að finna efnilega dómara.

Síðast liðinn vetur sá skrifstofa HSÍ um að boða dómara, taka við afboðunum og aðstoða dómara nefnd við að raða á leiki. Hér er um geysi tímafrekt starf að ræða og vill dómara nefnd þakka skrifstofu HSÍ og þá sérstaklega Róberti Gíslasyni fyrir þá þolinmæði og langlundargeð sem hann sýndi í störfum sínum í vetur.

Dómara nefnd HSÍ 2008-2009 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Brynjar Einarsson

Davíð B. Gíslason

Margrét Theodórsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

EHF/IHF dómaraar.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF Candidate dómaraar.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson

Helgi Hallsson – Sigurjón Þórðarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Helga H. Magnúsdóttir

Kjartan K. Steinbach

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Brynjar Einarsson

Davíð B. Gíslason

Róbert Gíslason

Kristján Halldórsson

Margrét Theodórsdóttir

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

Skýrsla aganefndar

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

Davíð B. Gíslason, lögfræðingur

Rögnvald Erlingsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 17. mars hélt aganefnd 26 bókaða fundi og tók fyrir 83 mál sem henni voru send. Flest voru afgreiðslumál og afgreidd í samræmi við “Reglugerð fyrir aganefnd”. Öll mál voru afgreidd

Aganefnd hyggst koma með tillögu til stjórnar um breytingu á “Reglugerð fyrir aganefnd” þess efnis að ekki skuli refsa leikbanni þegar leikmaður hlýtur útilokun í fyrsta sinn á keppnistímabili, nema þegar um er að ræða útilokun á síðustu sekúndum leiks eða eftir leik. Er þetta í samræmi við leikreglur og reglur í alþjóðlegum mótum.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

Skýrsla fræðslu- og útbreiðslunefndar

Starf fræðslu og útbreiðslunefndar fyrir árin 2008-2009 hófst með námskeiði í Vodafonehöllinni í september þar sem „Fljúgandi handbolti“ eða minni handbolti var kynntur en nokkur félög hafa þjálfað eftir honum í yngstu flokkum sínum. Mættu 50 þjálfarar á það námskeið og tóku þátt í að spila handbolta eftir þeim reglum. Sá Kristján Halldórsson um kennslu á því námskeiði sem jafnframt var tekið upp á tölvutæku formi. Naut hann aðstoðar við undirbúning Huldu Bjarnadóttir þjálfara hjá Haukum sem þjálfað hefur eftir minni handboltareglum síðustu ár. Annað námskeið var haldið á Akureyri í september og síðan í nóvember fyrir kennara og þjálfara í Hafnarfirði. Var góður rómur gerður af þessum námskeiðum en minni handbolti er kannski helsta sóknarfæri okkar til að koma handbolta inn í skóla þar sem hefðbundnar æfingar eru. Minni handbolti gengur út á að fjórir eru í liði og markmaður má spila út og alltaf er hægt að skipta um markmann. Þegar sókn lýkur þarf liðið að hlaupa í vörn og snerta teiginn með fætinum og má síðan hefja varnarleik þar sem fisk er leyft. Leikið er með mýkri bolta en venjulegum handbolta (skotbolti) en ekki hefðbundnum svampbolta. Aðrar reglur eru einfaldar og því auðvelt að koma þessum handbolta fyrir þar sem takmörkuð þekking á handbolta er til staðar og eingöngu mjög lítil íþróttahús eru og ekki erfitt að fá markmann. Fyrirhugað er að gefa námskeiðið út á dvd disk og dreifa á íþróttakennara og þjálfara sem víðast áður en næsta skólaár hefst. Stefnt er síðan að því að hafa skólamót á landsvísu þar sem keppt yrði samkvæmt minni reglum. Gerir það öllum skólum á landinu kleift að taka þátt á jafnræðisgrundvelli óháð aðstæðum í húsnæðismálum. Kynna þarf mótið með góðum fyrirvara og tengja verkefnum hjá landsliðum. Huga þarf að tilboðum í bolta þá sem notaður eru í minni handbolta og hugsanlega að dreifa á íþróttakennara á landsbyggð með disk. Reglum í 7. flokk hefur verið breytt í minni handbolta reglur og reglum í 6. flokk var breytt í að fækkað var um 1 leikmann (línumaður út) og regla um að ekki mætti spila vörn utan punktalínu tekin út. Huga þarf að því að skoða eftir næsta vetur hvort rétt sé að færa minni handbolta reglur einnig upp í 6 flokk.

Einnig var reglum í 5 flokk breytt í vetur í tilraunaskyni og er nú skipt í eldra og yngra ár. Eftir á að kanna í vor meðal þjálfara hvernig þeir telja að til hafi tekist.

Í október var haldið námskeið og kynning á handbolta á Húsavík þar sem Kristján Halldórsson fór ásamt landsliðsmanninum Sigfúsi Sigurðsson.

Námskeið fyrir stóra handboltamenn og námskeið í minnihandbolta var haldið á Akureyri í október þar sem Boris Akabsev stýrði æfingum ásamt Kristjáni Halldórssyni sem og hélt fyrirlestur fyrir íþróttakennara á Akureyri um minnihandboltann og möguleika leiksins við íþróttakennslu.

Í Byrjun mars 2009 kom Claes Hellgren og hélt námskeið. Um 50 þjálfarar mættu. Jafnframt heimsótti hann kvennalandslið á æfingu á Laugarvatni og aðstoðaði við æfingar. Fyrirhugað er að hann komi aftur 15-16 maí n.k. og haldi námskeið fyrir þjálfara.

Einnig var í mars haldið þjálfaranámskeið á vegum HSÍ fyrir alla þjálfara yngri flokka UMFA.

Jónatan Magnússon leikmaður Akureyrar hefur verið nefndinni til aðstoðar á Norðurlandi með kynningar á handbolta. Hefur hann farið á Dalvík og Ólafsfjörð. Þessa dagana eru fyrirhugaðar ferðir á Blönduós og Siglufjörð.

Á Ísafirði hefur verið algjör sprenging á áhuga á handbolta. Eru þeir komnir með lið í 3 flokki á íslandsmóti og eru komnir með 6 og 7 flokk en hafa ekki en skráð þá á íslandsmót. Vonandi sjáum við þá fljótlega með lið á fjölíðamótum og/eða fjölíðamót haldið á Ísafirði. Um 120 iðkendur eru í mfl sem taka þátt í utandeildarkeppni. Spurning er hvort ekki þurfa að huga að landsleik hjá körlum á Ísafirði eða æfingum landsliðs þar til að vekja en meiri áhuga á handbolta á svæðinu.

Framhaldsskólamótið var endurvakið í vetur en HSÍ kom að því í samstarfi við nemendur nokkra framhaldsskóla. Var gerður góður rómur af því og ákveðið var að fara fyrir á stað með mótið á næsta ári og fjölga skólum sem taka þátt

Fyrirhugað er stórt þjálfaranámskeið í maí þar sem okkar færustu þjálfara mun væntanlega kenna. Vonandi er að sem flestir þjálfarar komi á það námskeið.

Unnið er að fræðslustefnu HSÍ og fundaði fræðslustjóri með ÍSÍ þannig að fylgjum þeirri stefnu sem ÍSÍ leggur upp með í sínum fræðslumálum. Nokkrir reyndir þjálfarar eru nú í danska og norska handboltaskólanum að ljúka menntun með hæðstu gráðu og er vonandi að þegar þeir hafi lokið náminu að þeir muni aðstoða HSÍ við að koma upp sambærilegu kerfi hér hvað grunnám varðar.

Fyrirhugaðar eru ferðir á Suðurland á vormánuðum þar sem handbolti verður kynntur.

Illa hefur gengið að festa handbolta í sessi á austurlandi þrátt fyrir nokkrar tilraunir og er það næsta verkefni í útbreiðslumálum að festa handboltann í sessi þar.

Algjör bylting hefur orðið í fræðslumálum sambandsins við að fá fastan starfsmann á skrifstofu HSÍ, þótt ekki sé um fullt starf að ræða, sem sinnir þessum málaflokk. Kristján Halldórsson er einn reyndasti þjálfari landsins með alþjóðlega reynslu í þjálfun. Er vonandi að nefndin njóti starfkrafta hans sem lengst. Næg verkefni eru framundan þrátt fyrir krepputal, við að koma handboltanum af stað utan Höfuðborgarsvæðisins. Nýta þarf þann meðbyr sem handbolti nýtur með góðum árangri landsliðs okkar. Þar sem handbolti er þjóðaríþrótt okkar íslendinga þurfum við með útbreiðslu hans að tryggja að sem flestir hafi möguleika að æfa hann. Besta leiðin er í gegnum íþróttakennslu í skólum. Nauðsynlegt er því að hefja markvissa vinnu við að koma handboltanum inn í skóla í íþróttakennslu.

Nefndin var skipuð eftirtöldum mönnum 2008-2009

Hörður Davíð Harðarson, formaður

Kristinn Guðmundsson

Erlingur Richardsson

Kristján Halldórsson fræðslustjóri HSÍ

Jafnframt naut nefndin aðstoðar Herberts Sigfússonar við upptöku á námskeiðum og Jónatans Magnússonar og Sigfús Sigurðarsonar við kynningu á handbolta.

Hörður Davíð Harðarson,
formaður

Skýrsla vegna Ólympíuleikana í Peking.

Inngangur:

Handknattleikssamband Íslands fékk keppnisrétt fyrir karlalandsliðið á Ólympíuleikunum í Peking í sérstakri forkeppni sem fram fór í lok maí 2008. Var þessi keppni haldinn með 4. þjóðum Pólverjum, Svíum, Íslandi og Argentínu og komust tvo lið áfram.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

30. maí 2008	Ísland – Argentína	36-27
31. maí 2008	Ísland – Pólland	28-34
1. júní 2008	Ísland – Svíþjóð	29-25

Þeir leikmenn sem að valdir voru til þátttöku í forkeppninni fyrir hönd Handknattleikssambandsins voru eftirtaldir leikmenn.

- Björgvin Gústavsson
- Hreiðar Guðmundsson
- Sturla Ásgeirsson
- Guðjón Valur Sigurðsson
- Arnór Atlason
- Logi Geirsson
- Sigfús Sigurðsson
- Róbert Gunnarsson
- Snorri Steinn Guðjónsson
- Ólafur Stefánsson, fyrirliði
- Alexander Peterson
- Ásgeir Örn Hallgrímsson
- Ingumundur Ingimundarson
- Sverre Jakobsson
- Bjarni Fritzson
- Birkir Ívar Guðmundsson
- Vignir Svavarsson
- Einar Hólmgeirsson

Er þetta mjög kostnaðarsamt fyrirkomulag og jafnframt truflaði það undirbúning fyrir play off leiki fyrir Heimsmeistaramótið í Króatíu sem leiknir voru eftir forkeppni ÓL

Eftirtaldir leikmenn voru valdir til þátttöku á Ólympíuleikunum í Peking

- Björgvin Gústavsson
- Hreiðar Guðmundsson
- Sturla Ásgeirsson
- Guðjón Valur Sigurðsson
- Arnór Atlason
- Logi Geirsson
- Sigfús Sigurðsson
- Róbert Gunnarsson
- Snorri Steinn Guðjónsson
- Ólafur Stefánsson, fyrirliði
- Alexander Peterson

- Ásgeir Örn Hallgrímsson
- Ingumundur Ingimundarson
- Sverre Jakobsson

Jafnframt Bjarni Fritzson sem 15 maður og var til vara en bjó utan Ólympíuþorpsins en lék ekki á mótinu.

Jafnframt fóru sjö starfsmenn á leikana með liðinu:

- Guðmundur Guðmundsson þjálfari
- Óskar Bjarni Óskarsson aðstoðarþjálfari
- Ingibjörg Ragnarsdóttir sjúkranuddari og liðsstjóri
- Pétur Gunnarsson sjúkrþjálfari
- Gunnar Magnússon tæknimaður
- Brynjólfur Jónsson læknir
- Einar Þorvarðarson flokkstjóri

Undirbúningur

Undirbúningur fyrir forkeppni Ólympíuleikana hófst 18.maí og lék liðið tvo vináttuleiki við Spanverja a Spáni og síðan var haldið til Magdeburg í æfingabúðir og var æft þar fram að forkeppni Ólympíuleikana sem hófst 30 maí - 1.júní.

Jafnframt var liðið saman eftir forkeppnina og lék þá tvo leiki við Makedóníu um sæti a HM í Króatíu og stóð sá undirbúningur til 16. júní.

Loka undirbúningur fyrir leikana hófst 7.júlí og var liðið saman á Íslandi við æfingar og lek tvo leiki við Spánverja í Reykjavík 18. og 19. júlí og síðan tók liðið þátt í 4 landa móti sem fram fór í Frakklandi 24. – 26. júlí og lék þar a móti Frökkum, Spánverjum og Egyptum.

Liðið lék 12 landsleiki fyrir Ólympíuleikana. Æfði liðið í íþróttahúsum Fram og Vals ásamt því að hafa aðstöðu til lyftingaæfinga í Laugum og aðstöðu til hlaupaæfinga á Laugardalsvelli. Æfði liðið saman fram að leikunum í Reykjavík.

Mikill flutningur á fjölskyldum landsliðsmanna átti sér stað vegna þessara verkefna í maí, júní og júlí þar sem að allir leikmenn liðsins nema einn voru búsettir erlendis. Var þetta nokkuð flókið því sumir þurftu íbúðir fyrir sig og fjölskyldur sínar ásamt því að HSI þurfti að útvega bíla fyrir leikmenn til þess að þeir geti sótt æfingar. Hópurinn sem að kom til landsins vegna þessa undirbúnings voru ekki bara leikmenn það voru líka fjölskyldur þeirra og eru þetta 50 manns með börnum og eiginkonum og þurfti að flytja þennan hóp tvisvar sinnum til Íslands þetta sumarið.

Markmið:

Fyrsta markmið Íslenska landsliðsins fyrir þessa leika var að komast inn í milliriðil og þar með að ná einu af fjórum efstu sætum riðilsins. Þegar að það tókst voru sett önnur markmið sem voru að spila til úrslita á mótinu.

Keppnin:

Dregið var í riðla fyrir Ólympíuleikana 18. júní 2008 og lenti Íslenska liðið í riðli með Egyptum, Þjóðverjum, Rússum, Kóreu og Dönum.

1.leikur	10. ágúst 2008	Ísland - Rússland	33 - 31
2.leikur	12. ágúst 2008	Ísland - Þýskaland	33 - 29
3.leikur	14. ágúst 2008	Ísland - Kórea	21 - 22
4.leikur	16. ágúst 2008	Ísland - Danmörk	32 - 32
5.leikur	18. ágúst 2008	Ísland - Egyptaland	32 - 32

Liðið lenti í 3. sæti í riðlinum á eftir Kóreu og Dönnum mætti liði Pólverja sem hafði lent í 2. sæti í sínum riðli 20.ágúst og vann 32-30 þetta þýddi að liðið var komið í undanúrslit.

Í undanúrslitum fengum við Spánverja og sigurvegarar þessarar viðureignar myndu leika til úrslita um Ólympíugull. Vann Ísland örugglega 36-30 Úrslitaleikurinn fór síðan fram sunnudaginn 24. ágúst. Og sigruðu Frakkar þennan leik örugglega 23 - 28 og virtist sem að spennufall hafi átt sér stað í hópnum eftir Spánverjaleikinn

Niðurstaða:

Liðið lék frábæran handbolta á þessu móti og var hvergi veikan blett að finna í leik liðsins. Allur undirbúningur, allar ákvarðanir um æfingar, frítíma leikmanna gengu upp og má segja að reynsla undanfarinna átta ára við afreksrekstur karlalandsliðsins í Handknattleik hafi skilað sér á þessum Ólympíuleikum. Starfsfólk HSÍ vann frábært starf á þessum leikum og er það óhugsandi fyrir þá sem ekki þekkja til að sjá hvað vinnuframlag svona hóps er mikið á svona leikum. Það fékk enginn frídag hjá HSÍ meðan á leikunum stóð allir lögðust á eitt að ná þessum árangri. Það eru forréttindi að fá að starfa með svona samhentum hóp sem Íslenska karlalandsliðið og starfsfólk þess er. Þessi glæsilegasti árangur í íslenski íþróttasögu er staðreynd og hann hefði aldrei náðst nema með frábærum leikmönnum, frábæru starfsfólki, frábærri liðsheild.

Lokaorð:

Ólympíuleikunum í Peking er lokið og voru þetta fimmtu Ólympíuleikarnir sem ég hef farið á og má segja að öll umgjörð hjá Kínverjum hafi verið til fyrirmyndar. Ég vil þakka Íþrótt og Ólympíusambandinu fyrir samstarfið þeim Liney Halldórsdóttur, Andra Stefánssyni, Höllu Kjartansdóttur, Erni Andrésyni og Örvari Sigurðssyni ásamt fagteymi ÍSÍ. Jafnframt vil ég þakka öllum flokkstjórum, þjálfurum og keppendum fyrir samstarfið sem var ánægjulegt.

Kærar þakkir

Einar Þorvarðarson

Framkvæmdastjóri/Flokkstjóri HSÍ

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga HSÍ

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningnum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra einnig eru þeir yfirfarnir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru yfirfarnir lið fyrir lið. Hagnaður sambandsins er 42.844 þúsund krónur sem er glæsilegur árangur.


Áritun skoðunarmanna.


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrareikningi fyrir árið 2008, efnahagsreikningi 31.des 2008 ásamt sundurliðunum nr. 1- 17.

Samkvæmt rekstrareikningi nemur hagnaður sambandsins á árinu kr. 42.844.505 og er hann færður til hækkunar á óráðsöfuðu eigin fé frá fyrra ári. Eigið fé í árslok er jákvætt um kr. 43.324.834.

Það er álit okkar að ársreikningurinn veiti nægjanlegar upplýsingar um fjárreiður og skuldbindingar sambandsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu þess. 31.12.2008.

Reykjavík 20.apríl 2009.


Jón Gestur Viggósson


Guðmundur Frímannsson

REKSTRARREIKNINGUR FRÁ 1. JANÚAR - 31. DESEMBER 2008

	SKÝR.	2008	2007
REKSTRARTEKJUR			
FRAMLÖG OG STYRKIR	1	83.637.183	26.692.345
AÐRIR STYRKITARÆÐILAR	2	93.825.166	70.745.480
TEKJUR AF LANDSLEIKJUM	3	12.571.657	7.765.867
ÍSLANDSMÓT	4	6.566.958	8.712.943
AÐRAR TEKJUR	5	3.378.687	5.395.198
REKSTRARTEKJUR ALLS		199.979.651	119.311.833
REKSTRARGJÖLD			
LAUN OG VERKTAKAGREIÐSLUR.....	6	39.694.984	27.312.580
ÞÁTTAKA Í MÓTUM	7	77.820.845	51.329.606
KOSTNAÐUR VEGNA MÓTAHALDS	8	22.704.467	16.632.632
EHF GÓLF	9	679.446	0
REKSTUR SKRIFSTOFU	10	7.269.292	7.618.703
KYNNING, FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA	11	1.413.743	2.203.792
KOSTNAÐUR VEGNA SAMKEPPNISREKSTURS	12	1.652.297	1.759.827
ÖNNUR GJÖLD	13	163.781	149.926
ANNAR KOSTNAÐUR	14	3.192.935	2.240.108
NIÐURFÆRSLA VÍÐSKIPTAKRAFNA		0	3.250.000
REKSTRARGJÖLD ALLS		154.591.790	112.497.174
HAGNAÐUR ÁN FJÁRMAGNSLIÐA		45.387.861	6.814.659

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

VAXTATEKJUR	968.969	237.990
VAXTAGJÖLD	(1.496.212)	(539.374)
DRÁTTARVEXTIR	(2.016.113)	(2.719.810)
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS	2.543.356	3.021.194
HAGNAÐUR ÁRSINS	42.844.505	3.793.465

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2008

		SKÝR. 2008	2007
EIGNIR			
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR.....	16	1.430.531	0
SKAMMTÍMAKRÖFUR.....	17	76.447.622	16.482.946
HANDBÆRT FÉ.....	18	1.747.964	1.250.570
FYRIRFRAM GREITT.....		0	490.783
EIGNIR SAMTALS		79.626.117	18.224.299

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2008

		SKÝR. 2008	2007
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
EIGIÐ FÉ			
ÓRÁÐSTAFAD EIGIÐ FÉ.....		480.329	(3.313.136)
TEKJUAFGANGUR ÁRSINS.....		42.844.505	3.793.465
Eigið fé alls		43.324.834	480.329
LANGTÍMASKULDIR			
SKAMMTÍMASKULDIR			
ÓGREIDD LAUN OG LAUNATENG GJÖLD.....		2.330.475	1.428.486
ÓGREIDD ICELANDAIR - KREDITKORT.....		7.739.753	2.319.628
ÓGREIDDUR KOSTNAÐUR.....		3.903.784	0
VIÐSKIPTASKULDIR		12.086.593	11.570.639
YFIRDRÁTTUR Í BANKA.....		10.240.678	2.425.217
Skammtímaskuldir alls		36.301.283	17.743.970
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		79.626.117	18.224.299

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis. Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga sambandsins.

Umræður vegna reikninga voru eftirfarandi:

Alexander Arnarsson HK bað um sundurliðun á skammtímakröfum 76.447 þúsund hvort þarna væri einhverjar útistandandi ónýtar körfu. Ásta Óskarsdóttir svaraði því til að þarna væri að langstærstu leiti um 50.000 millj. sem komu frá Ríkissjóði þann 15. janúar.

Hallur Halldórsson spurðist fyrir um útistandandi kröfur HSÍ vegna félaga sambandsins hvað þær væru háar, hvort eitthvað hafi verið afskrifað vegna þeirra og hvort búið væri að ganga frá samkomulagi við öll félög? Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri svaraði því til að rúmar 17 millj. væri kröfur á félög innan HSÍ, ekkert hafi verið afskrifað og búið væri að ganga frá greiðslutillögu við megin þorra félaga.

Þar sem ekki voru fleiri sem báðu um orðið bar því þingforseti ársreikninginn upp til samþykktar.

Ársreikningur ársins 2008 var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár

Fjárhagsáætlun var fylgt úr hlaði af Ástu Óskarsdóttur. Fjárhagsáætlun var inni í þinggögnum og því var aðeins farið yfir heildartölur á tekjum og gjöldum. Niðurstaða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunar er rekstrartap að upphæð 5.342 þús. kr. Fyrirsjáanlegt rekstrartap á árinu 2009 er aðalega tilkomin vegna gríðarlega mikils kostnaðar yngri landsliða karla sem komin eru í lokakeppni HM og ekki koma tekjur á mótí. Lagt er til að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

REKSTRARÁÆTLUN VEGNA ÁRSINS 2009

	SKÝR.	Áætlun 2009	Rauntölur 2008
REKSTRARTEKJUR			
FRAMLÖG OG STYRKIR	1	19.900.000	83.637.183
STYRKIR, BÆJARFÉLAG Silfursjóður	2	1.500.000	0
AÐRIR STYRKITARÆÐILAR	3	62.200.000	93.825.166
TEKJUR AF LANDSLEIKJUM	4	16.300.000	12.571.657
ÍSLANDSMÓT	5	6.591.438	6.566.958
AÐRAR TEKJUR	6	5.000.000	3.378.687
REKSTRARTEKJUR ALLS		111.491.438	199.979.651
REKSTRARGJÖLD			
LAUN OG VERKTAKAGREIÐSLUR.....	7	39.158.490	39.694.984
ÞÁTTTAKA Í MÓTUM	8	46.049.260	77.820.845
KOSTNAÐUR VEGNA MÓTAHALDS	9	22.704.467	22.704.467
EHF GÓLF	10	676.843	679.446
REKSTUR SKRIFSTOFU	11	5.533.974	7.269.292
KYNNING, FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA	12	1.600.000	1.413.743
KOSTNAÐUR VEGNA SAMKEPPNISREKSTURS	13	1.700.000	1.652.297
ÖNNUR GJÖLD	14	150.000	163.781
ANNAR KOSTNAÐUR	15	750.000	3.192.935
NIÐURFÆRSLA VIÐSKIPTAKRAFNA		0	0
REKSTRARGJÖLD ALLS		118.323.034	154.591.790

HAGNAÐUR ÁN FJÁRMAGNSLIÐA	(6.831.596)	45.387.861
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD		
FJÁRMAGNSLIÐIR		0
VAXTATEKJUR	3.240.000	968.969
VAXTAGJÖLD	(750.000)	(1.496.212)
DRÁTTARVEXTIR	(1.000.000)	(2.016.113)
FJÁRMAGNSLIÐIR ALLS	1.490.000	2.543.356
(TAP) HAGNAÐUR ÁRSINS	(5.341.596)	42.844.505

Þingforseti gefur orðið laust um fjárhagsáætlun ársins. Enginn tók til máls. Samþykkt var samhljóða að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

13. Tillögur um breytingar á lögum tekna til afgreiðslu.

Eftirfarandi tillögur er lagðar fyrir laganefnd til afgreiðslu.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

6.gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Verður

6.gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Ef ákvæði laga og reglna HSÍ stangast á við lög og reglur IHF eða EHF, þá gilda lög og reglur HSÍ.

Greinargerð:

Verið að áréttu heimild HSÍ til að setja sér reglur.

Samþykkt var að vísa þingskjali 4 til laganefndar.



**52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
22. apríl 2009
Þingskjal nr: 5**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

19.gr. Fastanefndir

...

e. laga- og leikreglanefnd

...

Verður

19.gr. Fastanefndir

...

e. laganefnd

Greinargerð:

Verið að leiðrétta heiti nefndar.

Samþykkt var að vísa þingskjali 5 til laganefndar.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 6

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

29.gr. Aganefnd

...

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 5.mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Verður

29.gr. Aganefnd

...

Heimilt er að skjóta til dómsstóls HSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynnt úrskurður aganefndar.

Að öðru leyti en í 6.mgr. kveður á um eru úrskurðir aganefndar endanlegir.

Greinargerð:

Verið að leiðrétta ranga tilvísun.

Samþykkt var að vísa þingskjali 6 til laganefndar.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 7

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

37.gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum

að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann innan 48 tíma ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

...

Verður

37.gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann **eins fljótt og hægt er** ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

...

Greinargerð:

Verið að laga orðalag.

Samþykkt var að vísa þingskjali 7 til laganefndar.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 8

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Haukar

Var

9.gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda á vegum HSÍ þannig að:

1. fyrir færri en 50 iðkendum er einn fulltrúi
2. fyrir 50 til 125 iðkendum eru tveir fulltrúar
3. fyrir 125 til 200 iðkendum eru þrjú fulltrúar
4. fyrir 200 iðkendum eða fleiri eru fjórir fulltrúar

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag eiga rétt á einum fulltrúa.

...

Verður

9.gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda **og meistaraflokksliða** á vegum HSÍ þannig að:

1. fyrir færri en 150 iðkendum er einn fulltrúi
2. fyrir fleiri en 150 iðkendum eru tveir fulltrúar
3. fyrir að hafa lið í meistaraflokki karla er einn fulltrúi
4. fyrir að hafa lið í meistaraflokki kvenna er einn fulltrúi

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag eiga rétt á einum fulltrúa.

Greinargerð:

Reglur um hverjir eru þingfulltrúar eru komnar til ára sinna. Það er ljóst að þau sem félög sem leggja metnað sinn í að halda úti fullu starfi, þ.e. liðum í báðum kynjum meistaraflokka ásamt öflugum yngriflokka starfi, eru þau félög sem leiða starfið. Þessi tillaga gengur út á að meta það til þingfulltrúa að félag haldi liði úti meistaraflokkum.

Samþykkt var að vísa þingskjali 8 til laganevndar.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll
22. apríl 2009
Þingskjal nr: 9

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færast upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir. 8 lið skulu ávallt vera

Í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki kvenna

- d) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- e) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- f) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færast upp í úrvalsdeild.

Liðið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur úrslitakeppni við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær næst neðsta sætið í úrvalsdeild.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir. 8 lið skulu ávallt vera í úrvalsdeild karla þar til að þátttökulið eru orðin 18 þá verður úrvalsdeildin með 10 lið. Ef að þátttökuliðinn verða 22 þá verður úrvalsdeildin með 12 liðum.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Leikinn skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Úrslitakeppni um næst neðsta sæti úrvalsdeildar.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um að fá 7. sæti úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær næst neðsta sæti úrvalsdeildar á næsta keppnistímabili. Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær fyrri leikinn á heimavelli.

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla til loka leikársins 2011/2012.

Þau ungmennalið sem skrá sig til leiks skulu leika í 1 deild og vera sem hluti af skipulagi 1 deildar samkvæmt ákvörðun mótanefndar HSÍ.

Mótafyrirkomulag skal gefið út fyrir 15apríl ár hvert.

Þau 15 aðallið sem nú eru skráð til keppni tímabilið 2008/2009 skulu leika í efstu deild næstu 3 tímabil.

Liðin eru:

Haukar, Valur, Fram, HK, FH, Akureyri, Stjarnan, Víkingur, Gróttu, ÍR, Selfoss, Afturelding, ÍBV, Fjölnir og Þróttur.

Eflið kjósa að sameinast undir sameiginlegu nafni eða nafni annarshvors er það heimilt.

Þau lið sem kjósa að vera ekki með næstu 3 árin geta spilað í 1 deild ef þess er óskað. Lið í efstu deild getur óskað eftir að vera fært í 1 deild þó svo að það hafi keppnisleyfi í efstu deild en verður að sækja um það fyrir 1 maí ár hvert.

Mótafyrirkomulag skal vera eftirfarandi:

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3 umferð.**
- b) 11-15 lið, ein deild, 2 umferðir.**

Það lið sem er eftst að loknum síðustu umferð er deildarmeistari Úrvalsdeildar.

Ef að 7 - 10 lið eru í deild þá skulu leiknar 3 umferðir, annars 2 umferðir. Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.

Úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

Ef það eru færri en 10 lið í úrvalsdeild skal leikinn úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 3 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Eflið úrvaldsdeildar eru fleiri en 10 lið í úrvalsdeild þá skal fara fram úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8 og á fyrst heimaleik.

Lið 2 mætir liði 7 og á fyrst heimaleik.

Lið 3 mætir liði 6 og á fyrst heimaleik.

Lið 4 mætir liði 5 og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Þau lið sem vinna halda áfram í undanúrslit:

Lið 1/8 mætir liði 4/5 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni fyrst heimaleik.

Lið 2/7 mætir liði 3/6 og á það lið sem endaði ofar í deildarkeppni fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrr vinnur 2 leiki leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Sigurvegarar undanúrslita leika til úrslita en það lið sem endaði ofar í deildarkeppni á fyrst heimaleik.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

1. deild:

Þau lið sem kjósa að vera ekki í úrvalsdeild geta valið að spila í 1 deild ásamt þeim öðrum liðum sem hafa þátttökuleyfi samkvæmt HSÍ og Ungmennliðum úrvalsdeildaliða.

Það lið sem er ekki Ungmennalið og er efst í fyrstu deildina er Deildarmeistari 1.deildar og fær rétt um að spila við neðsta lið Úrvalsdeildar um laust sæti í Úrvalsdeild ef þeir kjósa það.

Mótnefnd HSÍ sér um skipulagningu 1. deildar út frá fjölda liða, staðsetningu þeirra og kostnaðar.

Úrslitakeppni um sæti í Úrvalsdeildar

Liðið í neðsta sæti Úrvalsdeildar mætir deildarmeisturum 1. deild og á fyrst heimaleik.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í Úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Greinargerð:

Staðan nú:

Það eru sem sagt 15 lið sem verða hugsanlega skráð til keppni á næsta ári. Plús hugsanleg ungmennalið en þau geta ekki farið upp í úrvalsdeild.

Rök með þessari breytingu:

Það á að ráða mótafyrirkomulagi hvað mörg félög tefla fram liðum en ekki hversu mörg lið eru skráð til leiks.

Þar sem að þau félög sem eru í 1 deild geta ekki teft fram ungmennaliðum í sömu deild þá er óeðlilegt að lið í úrvalsdeild ráði í reynd hversu mörg lið eru skráð til leiks og þannig hvaða mótafyrirkomulag verður fyrir hendi.

Þetta eru þau lið sem eru að reyna að þróa handboltann áfram hjá sér á almennilegan hátt en þar sem að óvissa með mótafyrirkomulag er ávalt fyrir hendi á hverju ári eins og reglurnar eru núna þá er ávalt óvissa með mótafyrirkomulag. Lið geta því farið að gera plön 3 ár fram í tímann þar sem að líkur á falli eru litlar.

Flakk leikmanna á milli liða ætti að róast þar sem leikmenn sjá fram á að spila í 3 ár í úrvalsdeild í föstum skorðum.

Minni liðin ættu einfaldara að halda sínum mönnum þar sem að fall er frekar ólíklegt og því ættu munur á milli liða að minnka á næstu 3 árum.

Leikmannkostnaður ætti að minnka vegna minni tilfærslu leikmanna.

8 liða úrslitakeppni möguleg strax á næsta ári.

Bilið á milli verstu liða í úrvalsdeild, 1 deildar og efstu liðanna í N1 deildinni hefur minnkað, sb.. að Víkingar og Stjarnan töpuðu ekki mörgum leikjum með miklum mun. Gróttá komst í úrslit í bikar, Selfoss í 4 liða úrslit í bikar sem og að slá út 1 deildar lið. Leikir sem því skipta ekki miklu máli ættu að vera fáir þó svo að þeir verða einhverjir þá eru í dag enn nokkrir leikir sem skipta litlu máli hvort sem er.

Aðsókn á leikjum í vetur hefur verið ágæt en samt ekki nógu góð og með úrslitakeppni ættu fleiri alvöruleikjum að fjölga.

3 umferða keppni er mjög ruglandi og áhorfendur skilja engan veginn hvað er í gangi þó svo að það sé hægt að kynna þetta fyrirkomulag betur en það verður þá að gera það.

Þau lið sem treysta sér ekki nú í úrvalsdeild geta spilað í 1 deild þar sem að þau munu vera að spila við jafnari andstæðinga. Lið eins og Höttur, HKR og Ísafjörður ættu að eiga auðveldar handboltalega séð og kostnaðarlega séð að geta spilað í 1 deild þar sem að það er undir stjórn mótarnefndar HSÍ hvernig mótið fer fram, t.d. hugsanlega hætt að spila leiki í striklotum bæði í Reykjavík og heima. Einnig ætti að vera auðveldara fyrir þau að tryggja sér úrvalsdeildarsæti þar sem að þau verða að keppa við jafnari andstæðinga og geta því þróað sig áfram smá saman.

Minum á að eins og reglur eru núna þá geta hvaða lið sem er skráð sig til keppni, t.d. ungmennalið, og haft áhrif á deildarfyrirkomulag. Er til dæmis eðlilegt að eitt lið getur ákveðið að senda sinn 2 flokk sem ungmennalið sem 14 lið í keppni og þá verða tvær deildir í stað einnar?

Rök á móti:

Enn ein breyting á mótafyrirkomulagi, er það samt ekki hættan á því hvort sem er eins og núverandi reglur eru? Mótið verður þó eins næstu 3 árin amk.? Hinn almenni stuðningsmaður veit ekki hvernig fyrirkomulag er nú, fólk þekkir ekki 3 umferða mót.

Lið sem vilja koma inn í deildirnar munu eiga í erfiðleikum að komast upp í efstu deild. En er að ekki svo í dag hvort sem er?

Ekkert fall skapar metnaðarleysi hjá einhverjum liðum en það er samt hættan á að falla ef þú ert ekki með lið sem stenst ekki kröfur efstu deildar.

Lengd móts of mikil, gætum hætt með deildarbikar?

Margir leikir verða auðunnir. Rétt, en lið sem ekki hafa mannskap til að vera í efstu deild geta kosið að vera í 1 deild ef svo ber undir, verðum við ekki að treysta liðunum til að vera skynsöm í hvað sé best fyrir sína menn.

Liðin af Reykjanesi, Vestfjörðum og að austan eru ekki í deildinni næstu 3 árin og þannig verið að hefta útbreiðslu handboltans! Þessi lið hafa séns á að byrja núna í 1 deild og þróa sig áfram á næstu 3 árum og komast í efstu deild. Erum í reynd að breiða út handboltann þar sem við erum að bjóða Selfoss og ÍBV velkomna í efstu deild.

Fyrir hönd Handknattleiksdeildar Víkings:
Davíð Hjaltsted

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl sem vísað hafi verið til nefnda.

Davíð Hjaltsted tók til máls og vildi áréttta að fólk horfði með opnum augum á þingskjöl 9 – 11 sem væru breyting á núverandi mótafyrirkomulagi.

Jón Hjaltalín tók einnig til máls að hugsa skyldi hátt og stuðla að fjölgun liða í handboltahreyfingunni.

Samþykkt var að vísa þingskjali 9 til Alsherjanefndar.



52. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjöl nr: 10

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Víkingur

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

g) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

h) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir

i) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.

- a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
- b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
- c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

....

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

j) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

k) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir

- l) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Aðeins skal telja aðallið hvers félags (ekki ungmennalið) sem þann fjölda liða sem ráða mótafyrirkomulagi ár hvert samkvæmt fyrirkomulagi a, b eða c hér fyrir neðan..

Þau ungmennalið sem skrá sig til leiks skulu leika í 1 deild og vera sem hluti af skipulagi 1 deildar samkvæmt neðangeindu.

Mótafyrirkomulag skal gefið út fyrir 15 apríl ár hvert.

....

Greinargerð:

Það á að ráða mótafyrirkomulagi hvað mörg félög tefla fram liðum en ekki hversu mörg lið eru skráð til leiks.

Þar sem að þau félög sem eru í 1 deild geta ekki teft fram ungmennaliðum í sömu deild þá er óeðlilegt að lið í úrvalsdeild ráði í reynd hversu mörg lið eru skráð til leiks og þannig hvaða mótafyrirkomulag verður fyrir hendi.

Ef að til dæmis 13 aðallið tilkynna sig inn en 6 ungmennalið þá keppa 13 lið í einni úrvalsdeild en ungmennaliðin geta keppt sem 6 liða 1 deild.

Mótafyrirkomulag verði ljóst fyrir maí þannig að liðin geti hafið undirbúning fyrir næsta tímabil í ljósi sinnar stöðu í deildunum.

Fyrir hönd Handknattleiksdeildar Víkings:

Davíð Hjaltsted

Samþykkt var að vísa þingskjali 10 til Alsherjanefndar.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 11

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

52.gr. Þátttökuleyfi

Félög sem eiga rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi árlega.

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

Verður

52.gr. Þátttökuleyfi

Félög sem eiga rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild íslandsmótsins í meistarflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi **fyrir 1. apríl ár hvert.**

Pau félög sem ætla sér að tefla fram ungmennaliði á næsta tímabili skulu senda þátttökutilkynningar fyrir 1. apríl. Stjórn HSÍ skal senda lista yfir þau lið sem hafa fengið þátttökuleyfi til aðildarfélaga fyrir 5. apríl á rafrænan hátt og skal þátttaka vera staðfest af hverju félagi fyrir sig, fyrir 10. apríl ár hvert.

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félög uppfylla tilteknar kröfur frá HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Öll félög skulu vera skuldlaus eða búin að ganga frá greiðsluplani gagnvart HSÍ fyrir 1. apríl ár hvert.

Stjórn HSÍ getur veitt liði þátttökuleyfi samkvæmt undanþágu eftir að mótafyrirkomulag liggur fyrir en þátttaka þess skal ekki hafa áhrif á fjölda liða í úrvalsdeild.

Dragi félag lið sitt úr leik fyrir byrjun móts skal stjórn HSÍ grípa til viðeigandi ráðstafana varðandi mótafyrirkomulag og sektir.

Greinargerð:

Í dag er verið að hringla með mótafyrirkomulag fram eftir sumri en með þessu á að vera ljóst hvert mótafyrirkomulagið verður fyrir 1 maí ár hvert.

HSÍ er þó heimilt í undantekningartilvikum að bæta liðum inn í 1 deild ef þannig aðstæður koma upp. Öll félög eiga að vera búin að gera upp sín mál gagnvart HSÍ áður en þátttökuleyfi er veitt sem kemur í veg fyrir að HSÍ sé með skuldahalda frá félögunum og þannig hamlað starfsemi sambandsins. Fjöldi liða fyrir næsta keppnistímabil er ljóst áður en ársþing HSÍ fer fram þannig að þá er hægt að ræða stöðu mála eins og hún liggur fyrir, fyrir næsta tímabil og bregðast við í tíma ef það er nauðsynlegt að grípa til breytinga.

Fyrir hönd Handknattleiksdeildar Víkings:
Davíð Hjaltsted

Samþykkt var að vísa þingskjali 11 til Alsherjanefndar.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar.

Engar aðrar tillögur eða önnur mál hafa borist.

Þinghlé og nefndarstörf.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Fjárhagsáætlun:

Sigurjón Pétursson talsmaður fjárhagsnefndar sté í pontu og gerði grein fyrir því að nefndin komi ekki með breytingatillögur þrátt fyrir fjárhagsáætlun sem skilar rekstrartapi, þar sem ljóst er að kostnaður vegna yngri landsliða karla á árinu er gríðarlega mikill. Þeim tilmælum er þó beint til stjórnar sambandsins um að leita allra leiða til að ná fram betri rekstrarniðurstöðu en áætlun sýnir.

Fjárhagsáætlun ársins 2009 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Þorvarður Tjörvi hjá Laga- og reglnanefnd fékk nú orðið. Eftirfarandi tillögur voru ræddar í nefndinni.

Laganefnd leggur til breytingu á þingskjali 4.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 4.1

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

6.gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Verður

6.gr. Aðrar skyldur.

Aðildarfélög, HSÍ, leikmenn og aðrir innan HSÍ skuldbinda sig til að leika handknattleik í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða HSÍ og í samræmi við lög og reglur IHF og EHF.

Ef ákvæði reglugerða og leikreglna HSÍ stangast á við eða ganga lengra heldur en reglur IHF eða EHF, þá gilda reglugerðir og leikreglur HSÍ.

Greinargerð:

Verið að áréttu heimild HSÍ til að setja sér reglur.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Þingskjal 4.1 var borið upp til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

Þá var tekið fyrir þingskjal nr. 5

Þorvarður Tjörvi kom fram með að hér væri einföld breyting þar sem aðeins væri verið að breyta heiti á nefndinni úr Laga- og leikreglnanend í laganefnd.

Þingforseti tók til máls og eins of fram hefur komið er hér aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, þar sem nefndin fjallar ekki um leikreglur heldur einungis um lög sambandsins. Mælendaskrá var opnuð. Enginn tók til máls.

Þingskjal 5 var borið upp til samþykktar og var það var samþykkt samhljóða.

Í þingskjali 6 er einungis verið að breyta tilvísun.

Þingforseti bauð þingaðilum að taka til máls. Enginn tók til máls.

Þingskjal 6 var samþykkt samhljóða.

Laganefnd leggur til að gera breytingu á þingskali 7.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 7.1

Tillaga um Lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

Var

37.gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum

að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann innan 48 tíma ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

...

Verður

37.gr. Málsmeðferð.

Mál telst þingfest með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.

Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort kærufrestur samkvæmt 35. grein sé liðinn eða einhverjir formgallar samkvæmt 36. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Telji dómsformaður að uppfyllt séu skilyrði 36. greinar skal hann **eins fljótt og hægt er, þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá þingfestingu**, ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.

...

Greinargerð:

Verið að laga orðalag.

Þorvarður Tjörvi mælti fyrir álitni lagnanefndar vegna breytingar á tillögu 7. Breytingin gekk út breyta ákvæðinu um 48 tíma í eins fljótt og hægt er nefndinni fannst þetta í raun opna málið full mikið eftir að dómari hefði komist að niðurstöðu að kæra uppfyllti skilyrði 36 gr. laga þá eigi að ákveða hvaða dómari skuli fara með málið og við töldum ef dómsformaður telji að uppfyllt séu skilyrði 36 gr. laga skal hann *eins fljótt og hægt er þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá þingfestingu* ákveða hvaða dómari skuli fara með málið. Þarna er verið að skýra það að frá því að kærán er send inn þá telst það þingfest og skuli formaður dómsnefndar áveða innan tilskilins frests hvaða dómari skuli fara með málið. Nú er settu tímafrestur á heildarferlið.

Þingforseti bar því fram þingskjal nr. 7.1. Einginn vildi tjá sig.

Þingskjal 7.1 borið upp til samþykktar og var samþykkt samhljóða.

Laganefnd leggur til að gera breytingu á þingskali 8.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2009

Þingskjal nr: 8.1

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Haukar

Var

9.gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda á vegum HSÍ þannig að:

5. fyrir færri en 50 iðkendur er einn fulltrúi
6. fyrir 50 til 125 iðkendur eru tveir fulltrúar
7. fyrir 125 til 200 iðkendur eru þrír fulltrúar
8. fyrir 200 iðkendur eða fleiri eru fjórir fulltrúar

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag eiga rétt á einum fulltrúa.

...

Verður

9.gr. Réttur til þingsetu

Handknattleiksþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum HSÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda iðkenda **og meistaraflokksliða** á vegum HSÍ þannig að:

- 5. fyrir færri en 100 iðkendur er einn fulltrúi**
- 6. fyrir 100 til 200 iðkendur eru tveir fulltrúar**
- 7. fyrir 200 til 300 iðkendur eru þrír fulltrúar**
- 8. fyrir 300 iðkendur eða fleiri eru fjórir fulltrúar**
- 9. fyrir að hafa lið í meistaraflokki sem tekur þátt í úrvalsdeild eða 1.deild fæst einn fulltrúi**

Hvert félag getur þó aldrei fengið fleiri en 4 fulltrúa.

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag eiga rétt á einum fulltrúa.

Greinargerð:

Reglur um hverjir eru þingfulltrúar eru komnar til ára sinna. Það er ljóst að þau sem félög sem leggja metnað sinn í að halda úti fullu starfi, þ.e. liðum í báðum kynjum meistaraflokka ásamt öflugu yngriflokka starfi, eru þau félög sem leiða starfið. Þessi tillaga gengur út á að meta það til þingfulltrúa að félag haldi liði úti meistaraflokkum.

Þorvarður Tjörvi tók aftur til máls um þingskjal 8.1 það gengur út á að breyta fulltrúafjölda aðildarfélaga og sambandsaðilum. Þar sem áður var engöngu miðað við iðkendafjölda en nefndin gerir breytingatillögu við þá tillögu sem lá fyrir þinginu frá Haukum þannig að ákvæðið verði eins og ofan er lýst. Það sem þetta gerir er að mjög lítið félög geta ekki fengið tvo fulltrúa. Félagin verða að vera með meira starf til að geta fengið fleiri fulltrúa á þing og það sé metið til verðleika að lið séu með lið í meistaraflokkum. Eins og við vitum þá er það eina keppnin sem þetta þing fjallar um eru meistaraflokkar félaganna þar sem mótafyrirkomulag meistaraflokka var sett inn í lög sambandsins. Tillagan gengur út á það að auka vægi þeirra fulltrúa og félaga sem eru með lið í meistaraflokkum. Einnig í ljósi þeirra fjölgunar á iðkendum þá eru þessi vikmörk 100, 200, 300 og 400 eðlileg. Þetta mun ekki hafa mikil áhrif á skipan fulltrúa þingsins, það er helst að þau allra fæstu misstu einn mann en fjölmennustu myndu bæta við sig manni.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 8 ásamt breytingatillögu laganefndar var borið upp til umræðu.

Ónafngreind fyrirspurn úr sal var spurning um þegar talað væri um meistaraflokka hvort það þyrfti að hafa meistaraflokka bæði í karla- og kvennaflokkum?

Þorvarður Tjörvi svaraði því til að það væri ekki eins og það er í breytingatillögum laganendar þar væri talað um einn fulltrúa fyrir að hafa lið í meistaraflokki eða 1 deild.

Þingforseti tók til máls og sagði að þá væri það skýrt það skipti ekki máli hvort félög væru með lið í meistaraflokki karla, kvenna eða annað hvort eins með 1. Deild. Ef það eru 300 iðkendur eða fleiri þá liggi fyrir að það eru 4 fulltrúar þannig að ekki fást viðbótafulltrúar fyrir meistaraflokks né 1.deildar aðild.

Ekki voru fleiri umræður.

Þingskjal 8.1 er því borin upp til atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 8.1 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur

Þingforseti tók til máls og málum sem vísað hefur verið til laganefndar er lokið.

Helga Magnúsdóttir kemur nú með niðurstöðu Alsherjanefndar sem fékk þrjú þingskjöl 9 – 11 til umfjöllunar. Það voru góðar og gagnlegar umræður sem fram fóru í nefndinni um flest þau atriði sem þar komu fyrir.

Helga Magnúsdóttir tjáði þingheimi um að klofningur var í alsherjanefnd varðandi þingskjal nr. 9, það verður hér að koma fram að fulltrúi Víkings í alsherjarnefnd er mjög ósáttur við niðurstöðu nefndarinnar en meirihluti nefndarinnar leggur til að þessari tillögu verði vísað frá.

Þingforseti tekjur til máls um að það sé álit alsherjanefndar um að það sé frávísunartillaga á þingskjal 9. Þegar fram kemur frávísunartillaga þá er umræða um upphaflegu tillöguna ekki leyfð lengur hins vegar eru leyfðar umræður um frávísunartillöguna ef einhver vill tjá sig um hana. Ef svo er ekki þá gögnum við til atkvæða um frávísun á þingskjali 9 sem alsherjanefnd leggur til.

Frávísunin á þingskjali nr. 9 samþykkt með 34 atkvæðum gegn 7 mótatkvæðum.

Alsherjanefnd kom fram með breytingu á þingskjali 10. Það er lagt til að þingskjal 10.1 komi í staðinn.



52. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll **22. apríl 2009** **Þingskjal nr: 10.1**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

m) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

n) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir

o) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.

a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.

b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.

c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.

d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.

- e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

....

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

p) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

q) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir

r) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.

- a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
- b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
- c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
- f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
- g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
- j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
- k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Aðeins skal telja aðallið hvers félags (ekki ungmennalið) sem þann fjölda liða sem ráða mótafyrirkomulagi ár hvert samkvæmt fyrirkomulagi hér að ofan.

Þau ungmennalið sem skrá sig til leiks skulu leika í 1. deild og vera sem hluti af skipulagi 1. deildar samkvæmt neðangeindu.

....

Greinargerð:

Það á að ráða mótafyrirkomulagi hvað mörg félög tefla fram liðum en ekki hversu mörg lið eru skráð til leiks.

Þar sem að þau félög sem eru í 1 deild geta ekki teft fram ungmennaliðum í sömu deild þá er óeðlilegt að lið í úrvalsdeild ráði í reynd hversu mörg lið eru skráð til leiks og þannig hvaða mótafyrirkomulag verður fyrir hendi.

Ef að til dæmis 13 aðallið tilkynna sig inn en 6 ungmennalið þá keppa 13 lið í einni úrvalsdeild en ungmennaliðin geta keppt sem 6 liða 1 deild.

Mótafyrirkomulag verði ljóst fyrir maí þannig að liðin geti hafið undirbúning fyrir næsta tímabil í ljósi sinnar stöðu í deildunum.

Fyrir hönd Handknattleiksdeildar Víkings:
Davíð Hjaltsted

Þingforseti gaf orðið laust um umræður um tillögu 10.1. Miklar umræður voru um tillögurnar úr sal þar sem fólk kom ekki upp með nafni. Tillagan var aðeins gölluð í byrjun endanleg þingskjal 10.1. rétt. Þar sem ungmennalið væru ekki gild þegar verið væri að tilkynna lið til þátttöku. Það sem er verið að gera er að ekki er hægt að setja inn ungmennalið til að ákvarða hvað mörg lið eru tilkynnt til deildakeppni heldur er það fjöldi félaga sem ræður því hve mörg lið eru skráð til keppni. Sett var út á málfar en þingforseti sagði að málfar yrði lagað við frekari vinnslu. Fleiri sem vilja tjá sig. Enn voru umræður úr sal og voru miklar umræður um b lið félaganna. Davíð FH vildi benda á að það væri ekki eingöngu úrvalsdeildarlið sem gæti sent lið til keppni heldur 1 deildarliðin einnig.

Þorvarður Tjörvi Haukum hafi vissa samúð með tillögunni. Hann óttast hins vegar afleiðingar hennar þ.e. að missa það fyrirkomulag sem við erum með í dag með því að samþykkja þessa tillögu. Hann heldur að þá sé verið að fórnna mjög góðri deild þar sem veturinn hefur verið frábær. Það er ekki bara hægt að tala um það að körfuboltinn hafi verið með leiksýningu því við erum að fara núna inn í úrslitaviðureignina í handboltanum þetta verða stórskemmtilegar og flottar viðureignir sem þetta fyrirkomulag býður upp á. Þessi tillaga mun þýða það að við komum til með að spila í einni deild á næsta ári ekki 8 liða deild eins og við höfum í dag. Er hann ansi hræddur um það. Ég held að við eigum að leyfa þessu ungmennaliðum, hér kemur fyrirspurn úr sal þar sem Þorvarður Tjörvi er beðin um að útskýra nánar af hverju hann segir að það verið ekki 8 liða deild á næsta ári. Ef við förum niður í 11 – 13 lið þá er þetta ein deild, gripið er inn í úr sal að það eru reglurnar og viðurkennir Þorvarður Tjörvi að hann geti vel hafa haft rangt fyrir sér en hann óttast að við missum að hafa tvær deildir eins og við höfum í dag með því fyrirkomulagi eins og þetta er í dag væri búin til ungmennadeild og umræður urðu þó nokkrar um hve mörg lið myndu skrá sig til leiks á næstu leiktíð og var talað um að þau væru 15 þar af eitt ungmennalið. Eins kom utan úr sal að við hefðum áhyggjur á hverju ári þar sem ekki væri ljóst hve mörg lið væru skráð til leikst á næstu leiktíð um hvert fyrirkomulag þeirrar leiktíðar yrði. Þorvarður Tjörvi taldi sig ekki geta stutt þessa tillögu. Hann vill gera ungmennaliðunum hátt undir höfði og vernda það fyrirkomulag sem við höfum núna. Hann vill að tillagan verði feld.

Davíð frá Víkingi tók til máls og sagði að Víkingar væru búnir að setta sig við óbreytt fyrirkomulag og það á ekkert að breyta því. Það sem við teljum að sé ekki réttlátt er að þau lið sem verða meðal 8 efstu í úrvalsdeildinni sérstaklega þar sem núna eru

tímafaktorar okkar dottnir út og þeir komnir til stjórnar að þau lið eins og Haukar og Valur ofl., þessi stóru lið, geti ákveðið á síðustu stundu að skella inn ungmennaliði því þau vilji hafa tvær deildir. Þetta hlýtur að snúast um það að fjölga félögum ekki liðum. Þá geta menn sagt við getum notað klæki og stofnað Víkverji handboltafélag það gilda aðrar reglur um það heldur en að nota þessa 10 leikmenn hjá félögunum. Þá geta þau ekki notað þá. Davíð leggur til að þingtillaga 10 verði sett í atkvæðagreiðslu.

Formaður Selfoss kom fram með að það væri alveg á hreinu ef menn ætluðu sér að fara að láta ungmennalið stjórna þessu þá gengi það ekki upp. Ef að það væru bara 5 lið í 1. deild þá væri alveg eins gott að hafa eina deild. Þannig að við getum ekki farið að láta ungmennaliðin stjórna ferðinni.

Þorgeir FH hann skilur sjónamið Þorvarðar Tjörva fyllilega. Þorgeiri þykir mjög vænt um næst efstu deild finnst hún vera lykilatriði í útbreiðslu handboltans að setja svona ákvæði inn í lög HSÍ finnst mér vera okkur stærri liðunum eins og Davíð vill kalla það þá er það bara hvattning til frekari útbreiðslu. Það eru aðrar reglur sem gilda um ungmennaliðin þau geta ekki farið milli deilda, það eru annarskonar reglur sem gilda um flæði leikmanna á milli aðalliðs og ungmennaliðs heldur en liða mismunandi félaga og mér finnst þetta bara reka enn frekar á eftir því að við sem höfum fjölda leikmanna á bak við okkur að við nýtum þann fjölda leikmanna frekar í það að draga inn fleiri félög hvort sem það er í nærliggjandi sveitafélögum eða félög sem nú eru engöngu með yngri flokka. Þannig að ég styð þessa hugmynd heilshugar þrátt fyrir að vera mikill aðdáandi næst efstu deildar í handbolta.

Sveinn og kemur frá Val. Honum finnst mikið til í þessu hjá Víkingunum þe. Þessari tillögu um að ungmennaliðin séu að hafa þessi áhrif en finnst samt á meðan að reglurnar eru þetta gallaðar að talað er um að 11 – 13 lið til að fara niður í eina deild í staðinn fyrir að hafa 11 – 12 lið þá finnst mér ég ekki geta stutt þessa tillögu.

Vigfús Menn eru svolítið að horfa mikið á úrvalsdeildina. Menn verða líka aðeins að horfa á 1. deildina gefum okkur að það verða aðeins fjögur lið þar ætlið þið þá að setja tvö ungmennalið og við hverja eiga þá liðin í fyrstudeildinni að spila? Ungmennaliðin í FH og Val? Þessi tillaga var sett á sínum tíma þetta fyrirkomulag að ef það eru 13 lið þá spilast það í einni deild. Það er ekkert verið að breyta því. Það er ekkert að því að vera í fyrstu deild en menn verða að taka þessu þannig að það sér verið að kúpla ungmennaliðunum til að hægt verði að setja þetta í eina deild. Það er ekki þannig en við viljum bara ekki spila í deild sem er kanski borin uppi af 3 til 5 liðum menn verða að spila einhverja alvöruleiki til að halda leikmönnum. Í dag er þetta þannig að þetta eru fjögur lið sem eru að bera uppi 1. Deildina menn eru ekki að fá marga leiki út úr því, það er hægt að telja á fingrum annarrar handar þá leiki sem eitthvað er verið að spila um. Hann biður menn um að líta aðeins á þetta neðan frá því ef að liðin eru ekki fleiri en þrettán þá er þetta bara ein deild. Hann sér ekki flækjustigið. Um ungmennalið gilda bara allt aðrar reglur en venjuleg lið. Það er allt annað að spila við Hauka U heldur en Aftureldingu. Bara tvennt ólíkt. Ég legg að sjálfsögðu til að þessi tillaga verði samþykkt.

Stefán frá Val vill benda á eina rangfærslu segjum sem svo að þrettán lið skrái sig til leiks. Hvað ætla þá menn að gera við Fjölni og Þrótt sem segja ef það er ein deild þá myndi þeir

ekki vera með? Ég er hræddur um það að niðurstaðan á þessari tillögu verði röng að við séum að missa sjónar á okkar markmiðum.

Davíð Víking, menn eru að tala um afleiðingar hvað eigið að gera við Fjölnir og Þrótt ætla hann að vona að ef um eina deild verði að ræða þá komi þeir í úrvalsdeildina og fái lánaða leikmenn úr ungmennaliðunum. Áhyggjurnar sem menn eru að hafa af þessari tillögu held ég að það sé akkúrat það sem við erum að reyna að stoppa með þessu að lið geti ekki stjórnað mótafyrirkomulagi með því að nota ungmennalið. Þið hafið áhyggjur af því en ég held að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því af því að miðað við umræðuna þá hafa engin félög efni á að reka ungmennafélög í dag er mér tjáð.

Þorvarður Tjörvi Haukum, U lið eru lið og vill ekki heyra að það sem einhver að segja annað. Þetta eru ungir strákar sem eru að leggja metnað í þetta til að brúa bilið sem oft er á milli annars flokks og þangað til að þeir komast inn í meistaraflokk. Þetta er ekki það sama og menn geta lánað í önnur félög. Það skiptir líka máli út frá stelpum eða strákum sem þarna eru að vilja spila fyrir sitt félag. Og þegar spilað er fyrir Hauka U þá eru þeir að spila fyrir sitt félag og finnast það merkilegt og eiga að getað notað það sem stökkpall til að geta spilað fyrir aðalliðið. Við megum ekki gera of lítið úr því tæki sem heldur fólki í sínu félagi vegna þess að oft snýst þetta um það að menn séu með sínum kunningjahóp spila þar og mynda sterka heild í þessum U liðum þar sem einstaka strákar geta svo dottið upp í A liðið. Þetta er gott tæki. Ef við lendum í því að það verða þrettán félög sem skrá sig til leiks hvar eiga þessi u lið að spila? Ein í fyrstu deild? Ekkert annað er til boða nema B liðskeppni fyrir utan fyrstu deild í stað þess að mæta flottum liðum í fyrstu deild. Við skulum muna það að það er strákur sem að spilaði í fyrstu deild síðasta vetur og er búin að spila 8 leiki á þessari leiktíð í efstu deild og er komin í besta klúbb í heimi. Síðasti punkturinn er þessi að ég styð það að félög sem eru að koma sér upp liðum víðsvegar um landið eins og verið er að vinna að geti komið og spilað án þess að vera að mæta bestu liðum landsins. Að þau geti spilað í fyrstu deild og það sé vaxtabroddur fyrir þessu U lið sem geta verið ofboðslega gott tæki til að halda í strákana innan félaganna og veitt þeim tækifæri til að hoppa upp í A liðið. Þar séu félög sem koma utan að landi og svo bestu liðin í fyrstu deild. Sem hafa þá tækifæri á því að vinna sig upp í úrvalsdeild það er það fyrirkomulag sem ég vil sjá.

Þingforseti hefur lokað mælendaskrá og gengið er til atkvæða um tillögu 10.1. Fyrst er gengið til atkvæða um þingskjal 10.1 sem er álit Alsherjanefndar með þessum breytingum sem búið er að koma fyrir í þingskjalinu. Samþykkir eru 22 á móti eru 20. **Þingskjal 10.1 er fellt þar sem 2/3 atkvæða þarf til að samþykkja lagabreytingu.**

Þá er tekið fyrir þingskjal nr. 10 og gengið til atkvæða um hana.

Þingskjal nr. 10 er fellt með öllum þorra atkvæða.

Helga Magnúsdóttir talsmaður Alsherjanefndar segir að nefndin leggi til að þessu þingskjali 11 verði vísað til stjórnar HSÍ til frekari ákvarðana.

Þingforseti segir að það sé ekki hægt. Annað hvort verður að samþykkja tillöguna eða hafna henni. Það er hægt að samþykkja ályktun þess efnis eða hægt að vísa því frá. Þetta er tillaga að lagabreytingu og það er ekkert annað hægt að gera samþykkja breytingu við henni, fella hana, vísa henni frá eða draga tillögu til baka.

Víkingar hafa ákveðið að draga þingskjal 11 til baka. Enginn hefur neitt við það að athuga og er því **þingskjal nr. 11 dregið til baka.**

Þingforseti tjáði að nú væri umfjöllun lokið um þau mál sem hafi verið vísað til nefnda. Þetta eru alltaf heit mál sérstaklega mótamálin og það verður bara að gefa þeim tíma til að fá góða lausn í þeim. Þingforseti þakkar þeim sem tóku þátt í nefndarstörfum og sérstaklega nefndarmönnum fyrir vel unnin störf.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Stjórn leggur til fram að mótagjöld verði óbreytt næsta tímabil.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

17. Önnur mál.

Þingforseti tilkynnir að formaður HSÍ Guðmundur A. Ingvarsson hafi beðið um orðið.

Þingforseti ágætu félagar.

Það er svolítið öðru vísi að horfa yfir salinn nú heldur en í fyrra því þá var svo mikið um andlit sem maður hafði ekki séð á þingum HSÍ.

Lífið er kaflaskipt eða skiptist í tímabil og nú er þessi kafli búinn hjá mér eða okkur og komið að lokum.

Ég var í Landsliðsnefnd þar til fyrir þrettán árum síðan að skorað var á mig að gefa kost á mér til formanns HSÍ eftir umhugsun ákvað ég á slá til og reyndi að fá frænda minn og vin til margra ára Sigurjón Pétursson til að koma með og eftir stutta umhugsun var hann til enda mikil áskorun fyrir okkur báða. Og höfum verið sem einn maður í gegnum súrt og sætt hér í þrettán ár.

Þrettán ár er langur tími og sjálfsögðu ýmislegt komið uppá misskemmtilegt eins og gengur en ég ætla ekki að þreyta ykkur á einhverri sögustund um fundi með kröfuhöfum, bankamönnum eða ráðamönnum né árangur landsliða eins og norðurlandameistarar, evrópumeistarar eða olympíuárangur eða þegar stúlknið fór á HM í Kína

Ég ætla ekki að hætt mér út í það að nafngreina alla þá sem hafa komið að starfi HSÍ þessi ár en ég ætla að þakka Einari Þorvarðasyni framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir samstarfið og geysilega vel unnin störf, með okkur var góður vinskapur fyrir og hefur hann styrkst með hverjum degi sem við höfum starfað saman, á undan Einari var Örn H. Magnússon framkvæmdastjóri og fór hann með okkur í gengum mjög erfiða tíma og þakka ég honum fyrir gott samstarf.

Þetta er blendin tilfinning þegar maður hefur verið hluti að einhverju eða þáttakandi um langa tíma verður það hluti af manni eða lífi manns.

Ég er afskaplega þakklátur fyrir þennan tíma sem ég hef fengið að starfa fyrir handboltann á Íslandi þessi tími hefur verið þroskandi og gefandi í alla staði takk fyrir það. Fyrir mig er það líka mjög ánægjulegt að konan mín hefur notið þess líka að vera þátttakandi í þessu líka.

Viðbrigðin verða mikill nú tala ég ekki við Einar nokkrum sinnum á dag og hann ýmist hátt upp eða ljúfur eins og lamb. Önnur viðbrigði verða að símareikningurinn minn, hann snarlækkar.

Ég vil þakka öllum sem hafa komið að starfi HSÍ þessi ár það er svo margt fólk sem hefur lagt á sig geysilega mikla og óeigingjarn vinnu ég verð að segja, þessu fólki verður seint fulla þakkað.

Það er ekki leiðinlegt að hætta eftir svona stórkostlegt handboltaár þvílíkt og annað eins þetta er ár sem verður seint eða aldrei toppað

Ég er mjög ánægður með verðandi formann þekki hann og verk hans vel, við höfum starfa saman m.a. verið saman í stjórn HSÍ ég veit að Knútur og Guðmundur og aðrir í stjórn og nefndum svo ég tali nú ekki um starfsfólk HSÍ eiga eftir að gera góða hluti fyrir handboltann á Íslandi.

Ég vil þakka stjórnarfólki, nefndarfólki, öðrum sjálfboðaliðum og starfsmönnum fyrir samstarfið í gegnum árin.

Takk fyrir mig og lifið heil. ÁFRAM ÍSLAND

Þingforseti tilkynnir að Sigurjón Péturson varaformaður HSÍ hafi beiði um orðið

Ég vil nú taka undir allt sem að frændi minn hefur sagt hérna það er allt satt og rétt. Aðeins kanski meira á persónulegum nótum. Það eru kanski svona þrjú fjögur augnablik úr þessum þrettán árum sem standa upp úr og eru minnisstæð. Þegar hann bað mig um að koma til þessa samstarfsverkefnis okkar sem er ekki fyrsta verkefni okkar saman því við áttum dúfur þegar við vorum sjö ára en áttum engan dúfnakofa, við geymdum dúfurnar í geymslu niður í kjallara í nokkrar vikur, við vorum nú ekki til fyrirmyndar sjálfsagt hefðum við verið settir á ridalín eða lokaðir inni einhversstaðar ef þetta hefði gerst í dag. En ég var að aka niður Ártúnsbrekkuna þegar að Gúndi hringdi í mig og bað mig um að koma og taka þátt í þessu verkefni og það var bara já við spennandi verkefni. Þá hófst mikil vinna í sambandi við skuldir sambandsins sem voru þá 188 millj. þegar upp var staðið en okkur var tjáð að skuldirnar væru einhversstaðar á milli 50 – 60 millj. þegar verið var að lokka okkur inn í verkefnið en þær urðu nú 188 millj. og við vorum búnir að eyða mörgum vikum að ganga á milli þingmanna, ráðherra og fjárlaganefndar, búnir að tala við fyrrverandi ráðherra osfrv. Síðan er hringt í okkur 14 eða 16 desember og við vorum beðnir um að mæta niður í forsætisráðuneyti á fund hjá Davíð Oddsyni. Þegar við komum þar inn þá situr Davíð Oddson þar og Björn Bjarnason þeir tjá okkur að við munum fá 42 millj. til að fara í þennan nauðasamning sem við vorum með hugmynd um að fara, sem sagt að borga hluta af skuldum sambandsins þ.e. af þessum 188 millj. með 42 millj. og vera þá lausir allra mála. Þetta er mjög minnistætt augnablik og stendur mjög upp úr þessum árum. Ég vil bara taka undir að þetta hefur verið gríðarlega mikið ævintýri og að fá að taka þátt í þessu öllu saman í þrettán ár og síðasta ári hefur bara verið ein af þessum dýrmætustu lífsreynslum sem að maður hefur eignast. Allt það fólk sem maður hefur kynnst og samstarfið í stjórninni allan tímann hefur verið með besta móti og Örn sem var framkvæmdastjóri hjá okkur dugði vel í erfiðum kringumstæðum og Einar ekki síður. Þakka ykkur öllum fyrir. Takk fyrir.

Þingforseti tilkynnir að Guðjón L. Sigurðsson að hafi beiði um orðið

Ágæti þingforseti kæru félagar.

Ég ætla ekki að tala um fortíðina heldur framtíðina. Eins og ykkur grunar kanski þá ætla ég að tala um dómaramál. Eins og við vitum þá hafa þau verið svona upp og ofan hjá okkur og við þurfum virkilega að taka okkur tak í þeim málum og þá beini ég því til félaganna að þau aðstoði okkur við þetta því að við erum eins og svo oft áður í talsverðum vandræðum með að manna okkar starf. Ég vil koma með smá tillögu sem ég vil leggja fyrir þetta þing

Árสปing HSÍ skorar á stjórn HSÍ að skipa starfshóp sem vinnur að bættum samskiptaaðferðum milli dómara, þjálfara og forráðamanna félaga, ásamt því að auka almennan áhuga á dómgæslu. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur sem samanstendur af tveimur fulltrúum frá hverjum hóp þ.e. dómara, þjálfara og forráðamanna félaga auk Kristján's Halldórssonar sem leiðir starfið.

Ég legg til að þingið beini þessu til stjórnar þannig að við tökum öll þátt í þessu saman um að bæta þetta starf sem að snýr að okkar samskiptum og okkar starfi. Ég treysti því að ef við gerum þetta með þessum hætti að þá munum við ná góðum árangri. Takk fyrir.

Þingforseti ber þá þessa tillögu fram til umræðu. Þetta er í raun áskorun til stjórnar um að bæta samskipti milli allra aðila stjórnna, þjálfara og dómara sem ég held að hljóti að vera hið besta mál. Þannig að menn sláist ekki í blöðunum heldur frekar á þeim vetvangi sem á að gera þetta. Gengið er til atkvæða um að vísa þessari ályktun til stjórnar HSÍ er samþykkt samhljóða.

Þingforseti spyr hvort fleiri vilja kveða sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Karl frá Stjórnunni var búin að setja á tvö a4 blöð það sem hann ætlaði að tala um og að beina spjótum sínum til Guðjón's L. Ásamt miklu miklu fleira. Ég ætla að byrja á að vera jákvæður og þakkar fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf og frábært það sem þeir hafa gert í gegnum tíðina með því að ná niður þessum skuldabagga. Það er ekki öllum gefið að ná niður skuldum. En í framhaldi við ég beina orðum mínum til þeirra sem koma til með að ráða í framtíðinni um útbreiðslu og markaðsmál sambandsins. Einhvernevegin finnst mér að við höfum gert alveg herfileg mistök það eru 5 ár síðan ég beindi spjótum mínum til framkvæmdastjóra og spurði um markaðsmál þá var allt í góðum gir og RÚV sat eitt að þessu og þeir voru bara að gera góða hluti, mitt mat er að þeir hafa ekki gert góða hluti og við sitjum uppi með einhvern ónýtan samninga frá þeim þetta er tæknilega gjaldþrota fyrirtæki og hefur verið það í mörg ár og ég vill beina spjótum mínum til þeirra sem munu taka við kyndlinum að semja við eitthvert fyrirtæki sem hefur mettað til að sinna sportinu okkar. Áfarm Stjarnan . Takk

Þingforseti þakkar þetta innlegg og telur ljóst að þingheimur taki undir þetta þar sem enginn okkar er sátt við þá umfjöllun RÚV núna þegar að úrslitakeppnin stendur sem allra hæst. Fleiri báðu ekki um orðið undir þessum lið.

18. Kostning stjórnar

Þingforseti las upp 15 gr. laga HSÍ sem er framfylgt við eftirfarandi stjórnarkjör.

Tillaga um formann HSÍ fyrir næsta starfsár Knútur Hauksson.

Knútur Hauksson er réttkjörinn **formaður HSÍ** næsta starfsár með lófaklappi.

Kostning fjögurra stjórnarmanna til tveggja ára:

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Ásta Óskarsdóttir
- Guðmundur B. Ólafsson
- Kjartan Steinback
- Vigfús Þorsteinsson

Ofangreindir aðilar eru réttkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára með lófaklappi.

Fyrir eru í stjórn kostnir til tveggja ára á ársþingi 2008.

- Guðjón L. Sigurðsson
- Hörður Davíð Harðarson
- Jón Jörundsson
- Kristján Arason

Þingforseti tjáði þinginu að Jón Jörundsson gefi ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og er því lagt til að Árni Þór Árnason komi inn í **stjórn HSÍ til eins árs** í hans stað. Engar athugasemdir bárust og er Árni Þór Árnason því réttkjörin í stjórn HSÍ til eins árs.

Kostning varamanna til eins árs:

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Hannes Karlsson
- Þorbjörg Gunnarsdóttir
- Þorgeir Haraldsson

Ofangreindir aðilar eru réttkjörnir varamenn stjórnar til eins árs með lófaklappi.

19. Kostning 2 endurskoðenda og 2 til vara

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara voru eftirfarandi tilnendir:

- Pálmi Kristinsson
- Soffía Ragnarsdóttir

Engar athugasemdir bárust, svo endurskoðendur og varamenn teljast réttkjörnir

20. Kostning í dómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir.

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Smári Hilmarsson
- Vala Valtýsdóttir

Tilnefndir voru eftirfarandi varamenn:

- Ágúst Sindri Karlsson

- Guðmundur Þór Jónsson
- Grím Sigurðsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrjár aðilar í dómstól HSÍ og þrjár til vara teljast réttkjörnir.

21. Kostning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Þorgeir Ingi Njálsson
- Helgi I. Jónsson
- Gunnar Jónsson

Tilnefndir voru eftirfarandi varamenn:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrjár aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSÍ og þrjár varadómarar teljast réttkjörnir.

22. Kostning fulltrúa á íþóttapiing (ÍSÍ)

Þingforseti sagði að þar sem íþóttapiing ÍSÍ var um síðastliðna helgi og það er annað hvert ár þá falli þessi liður niður.

23. Þingslit

Þingforseti gefur orðið til nýkjörins formanns HSÍ Knúts Haukssonar

Gott fólk ég þakka fyrir hönd okkar nýrrar stjórnar það traust sem þið sýnið okkur. Fyrir þá sem ekki þekkja mig þá hef ég verið í handboltahreyfingunni í hart nær tuttugu ár. Bæði innan féлага, hef verið í stjórn Fram, sem formaður handknattleiksdeildar Fram til margra ára. Síðan fór ég með Guðmundi í þetta mikla verk þegar við vorum að reyna að ná niður skuldum sambandsins og var hér í einhver fjögur ár í stjórninni, þannig að ég þekki starfið mjög vel. Bæði þekki ég starf innan félaganna mjög vel og þekki einnig starfið innan stjórnar HSÍ mjög vel. Ég get sagt ykkur það að þegar ég gekk inn í stjórn HSÍ þá hafði ég allt aðrar hugmyndir því þá hafði ég verið formaður handknattleiksdeildar í mörg ár og hafði þá oft verið mikill gagnrýnandi HSÍ að skilningur minn á starfi HSÍ var enginn því áttaði ég mig á eftir veru þar í nokkra mánuði. Þar sem maður var aðalega kallaður til að fá innheimtumenn ríkissjóðs til að þeir færu eitthvert annað meðan unnið var að því að finna peninga. Síðan hef ég líka tekið að mér í nokkur ár nokkurskonar leiðbeinenda hlutverk en ég sé það af ályktun til stjórnarinnar frá Guðjóni að ég tek athugasemdum að skoða þetta í víðasta skilningi þessa máls. Þið sáuð kanski í blöðunum að ég myndi þagna á þöllum þessum er það eina sem ég get lofað ykkur að ég muni ekki gera. Ég hef reynt það en get það ekki en mun hins vegar gæta að leiðbeiningum mínum. Það er hinsvegar að við tökum núna við í miklum umrótatímum en erum að taka við ótrúlega góðu uppgjöri HSÍ og getulega gríðarlega gott, við erum hins vegar að fara inn í það sem menn kalla Nýja Ísland en breytingarnar eru miklar sem sést best á samþykktari fjárhagsáætlun HSÍ þar sem við erum ekki að horfa á jafn bjarta tíma. Við vitum hins vegar að jákvæðni er ekkert annað en hugafar sem við tileinkum okkur. Það er það sem við þurfum að gera og núna þurfum við að nýta þau tækifæri

sem þessar nýju aðstæður leyfa. Þetta eru ný tækifæri bæði inni hjá félögunum og inni í HSÍ og það er það sem við munum núna á næstu nýta okkur til hins ýtrasta.

Ég vil fá fyrir hönd nýrrar stjórnar, Guðmundur og Sigurjón, gefa ykkur smá þakklætisvott því ég held að ansi oft átti fólk sig ekki á því hvað þetta hefur verið mikið starf, þrettán ár eru langur tími. Guðmundi er seint þakkað fyrir óeigingjarnt starf en fær gjöf frá HSÍ og er sæmdur Heiðursorðu sambandsins. Sigurjóni var einnig þökkuð góð störf eins og eiginkonan þögla en verður þó aldrei fullþakkað, þó svo að ekki hafi alltaf borið jafn mikið á þér þá hefur starfið ekkert verið miklu minna, þakka þér kærlega.

Já þú skilaðir flotti búið Guðmundur bæði fjárhagslega og getulega þú sagðir að þetta yrði seint toppað en við hljótum þó að hafa metnað í allavega að horfa á 2012 að þar verðum við bæði með karla og kvennaliðin og tókum metalíu með fallegru málmum. En allveganna ég vil þakka fyrir kærlega og ég hlakka til að starfa með ykkur.

Þar með slít ég þessu þingi.